



Ársskýrsla 2018



Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	4
Um FSR.....	8
Verkefni á árinu 2018.....	11
Alþingi.....	12
Forsætisráðuneytið	13
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	15
Dómsmálaráðuneytið.....	16
Fjármála- og efnahagsráðuneytið	16
Mennta- og menningarmálaráðuneytið.....	17
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið	18
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	19
Velferðarráðuneytið	23
Fasteignir í ríkiseigu	29
Þróunar- og samstarfsverkefni	30
Rekstur og starfsfólk	33
Ársreikningur 2018	36
Stefna FSR	46

Ársskýrsla Framkvæmdasýslu ríkisins 2018

September 2019

Umbrot og hönnun: Kontor Reykjavík

Ljósmyndir: Baldur Kristjánsson, starfsfólk FSR.

Prentun: Pixel prentþjónusta

Ábyrgðarmaður: Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri

Ritstjóri: Karl Pétur Jónsson

ISSN 2547-670X (prentuð útgáfa)

ISSN 2547-6718 (rafræn útgáfa)



Guðrún Ingvarsdóttir

Ávarp forstjóra

Tímar þróunar og breytinga


Starfsárið 2018 einkenndist af aukinni breidd verkefna Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) og vaxandi tengingu skipulags starfseminnar við þá framtíðarsýn sem stjórnvöld hafa skilgreint fyrir eignaumsýslu ríkisins í kjölfar tilkomu laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Þar kemur fram málaflökurinn skuli einkennast af ábyrgri umsýslu fjármuna og eigna ríkisins sem styðji við skilvirka og góða þjónustu og bætt lífskjör á Íslandi. Þá skuli yfirsýn og fjárhagslegt gagnsæi við meðferð eigna ríkisins aukin m.a. með aukinni miðlægrri stýringu eigna. Þessi sýn hefur ríka snertifleti við ólík verkefni og hlutverk FSR, allt frá því að tryggja hagkvæmni, gæði og skilvirkni í einstökum framkvæmdum til þess að í vaxandi mæli leita tækifæra til aukinnar samlegðar milli einstakra verkefna og nýta húsnæði og aðstöðu á vegum ríkisins til framþróunar vinnuumhverfis og bættrar þjónustu hins opinbera. Þá eru skyldur FSR ríkar þegar kemur að framlagi Íslands í þágu loftslagsmála en starfsemi FSR hefur rík tengsl við mikinn meirihluta heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Víkkandi sjóndeildarhringur

Frá upphafi hafa meginverkefni stofnunarinnar í samræmi við lög um skipan opinberra framkvæmda lotið

að umsjón með einstökum verklegum framkvæmdum, allt frá undirbúningsstigi þeirra og áætlunargerð að verklegum framkvæmdum og gerð skilamats. Þá liðsinnir FSR ráðuneytum og ríkisstofnunum við húsnæðisóflun og vinnur þarfagreiningar, húsrýmisáætlanir, frumathuganir og fer með umsjón með áætlunargerð (hönnun) sé þess óskað. Jafnframt veitir FSR umsögn vegna þeirra verkefna sem fara fyrir Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir (SOF) og er þannig fjármála- og efnahagsráðuneyti til ráðgjafar við gæðatryggingu og mat verkefna. Á mynd 1 má sjá myndræna framsetningu á ferli opinberra framkvæmdar sbr. lög nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda. Þá hefur Framkvæmdasýslan um árabíl byggt upp og viðhaldið skrá yfir fasteignir ríkisins sem gagnast ráðuneytum og ríkisstofnunum við stjórn fasteignaumsýslu.

Síðastliðinn áratug hefur FSR unnið mikilvægt brautryðjendastarf á vettvangi íslensks byggingar- iðnaðar við þróun og innleiðingu upplýsingalíkana í mannvirkjagerð (BIM) sem nú ryðja sér í síauknum mæli til rúms á almennum markaði. Þá hefur stofnunin verið í fararbroddi héraendis við innleiðingu BREEAM umhverfissvottana í lykilverkefnum sínum og hefur byggt um verðmæta sérþekkingu og verklag í þeim efnun. Því er stofnunin vel í stakk búin til að leggja sitt af mörkum til ábyrgar uppbyggingar íslenskra innviða nú



Mynd 1. Ferli opinberra framkvæmdar

á tímum vaxandi loftslagsvárs. Segja má að á liðnu ári hafi sjóndeildarhringur stofnunarinnar haldið áfram að vikka m.a. með undirbúningi þróunar og innleiðingar framkvæmda- og fjárfestingaáætlunar sem FSR mun vinna fyrir fjármála- og efnahagsráðuneyti. Markmið áætlunarinnar er að auka yfirsýn yfir fjárfestingaþörf þvert á málaflökka, til lengri og skemmri tíma og þannig skapa tryggari grunn fyrir ábyrga hagstjórn og nýtingu opinberra fjárfestinga til sveiflujöfnunar innan hagkerfisins.

Ljóst er að á komandi árum eru mikil tækifæri fólgin í markvissri þróun og eflri nýtingu þeirra fasteigna sem ríkið hefur yfir að ráða, hvort sem er í ríkiseigu eða leiguhúsnæði. Miklar breytingar eru að verða víða hjá vinnustöðum hins opinbera m.a. með aukinni stafrænni þjónustu á vegum ríkisins og tilkomu upplýsingatækni sem gefur svigrúm til sveigjanlegrar staðsetningar verkefna og starfsfólks. Vinnuumhverfið þarf að vera með þeim hætti að vinnustaðir hins opinbera séu eftirsóknarverðir og styðji við aukna framleiðni og betri þjónustu. Mikil gróska hefur verið í þessum málum hjá systurstofnunum FSR og Ríkiseigna í nágrannalöndunum síðastliðin ár og sóttu starfsmenn stofnananna ásamt fulltrúum fjármála- og efnahagsráðuneytis fræðslu á liðnu ári í gegnum norræna samstarfsnetið NKS. Þá gekk FSR á árinu í evrópsk samstök opinberra fasteignarþróunar- og rekstrarfélaga PUnet en innan þeirra ráða fer fram öflugt þekkingarstarf og miðlun nýjunga í þróun og rekstri fasteigna hins opinbera.

Þær ólíku víddir sem starfsemi FSR nær nú yfir voru á árinu dregnar saman í Stefnuþríhyrningi FSR þar sem


starfseminni er skipt í þrjár víddir kjarnastarfsemi og þrjár víddir rekstrarþátta.

Í samræmi við lög um opinber fjármál nr. 123/2015 skulu ríkisaðilar móta stefnu fyrir starfsemi sína á hverju ári fyrir næstu þrjú ár. Stefnuskjal FSR er nú í annað sinn hluti af ársskýrslu en í því er gerð grein fyrir starfsemi stofnunarinnar og hún metin samkvæmt árangursmælingum sem fram koma í stefnuskjalinu.

Kostnaður í opinberum framkvæmdum

Á árinu átti sér stað mikil umræða um framúrkeyrslu í opinberum framkvæmdum á undanföllum árum og mætti af umfjöllun fjölmiðla oft ráða að framúrkeyrsla sé regla fremur en undantekning þegar kemur að verkefnum þar sem hið opinbera á í hlut. Þetta er ekki reynslan úr verkefnum FSR og um það vitna á annað hundrað skilamöt sem FSR hefur unnið fyrir sín meginverkefni á árunum 1998–2016 og aðgengileg eru á vef stofnunarinnar. Á árinu var ákveðið að vinna nánari greiningu á niðurstöðum skilamatanna sem í kjölfarið var tekin var saman í ritinu Lykiltölur úr skilamötum FSR 1998–2016 sem gefið var út í janúar 2019. Í skýrslunni eru teknar fyrir 139 framkvæmdir á vegum FSR sem lauk á árabílinu 1998 til 2016. Niðurstöður sýna að dregið hefur úr framúrkeyrslu á seinni hluta tímabilsins og kostnaðaráætlanir sem gerðar eru af Framkvæmdasýslunni standast nú mun oftar eða að frávik eru innan viðurkenndra marka.

Hlutfallslegt frávik milli raunkostnaðar og kostnaðaráætlana í öllum verkefnum 139 reyndist vera 1,8%. Sé horft til stærðar verkefna reyndist vegið meðalfrávik



Mynd 2. Stofnuþrýmingur FSR



Starfsfólk FSR.

raunkostnaðar og áætlana vera 4,5%. Yfir tímabilið 1998–2016 voru 56 verkefni eða 40% innan áætlunar og 83 eða 60% yfir áætlun. Nánar greint þá voru 61 verkefni 5% eða meira yfir áætlun, 43 verkefni voru 5% eða meira undir áætlun og 35 verkefni voru þar á milli.

Þannig er óhætt að segja að raunveruleikinn hjá FSR sé annar en umfjöllun fjölmiðla um opinberar framkvæmdir hefur á stundum gefið ástæðu til að ætla. Er umrædd skýrsla bæði hugsuð sem innlegg í upplýsta umræðu um framkvæmdir á vegum hins opinbera sem og innlegg í eflingu áhættustýringar verkefna FSR.

Mannauður og skipulag FSR

Starfsfólk FSR er lykillinn að velgengni stofnunarinnar og er áhersla lögð á að starfsmenn fái að njóta sín í starfi og hafi möguleika á að auka þekkingu sína og færni með markvissum hætti. Á árinu var innleiddur mánaðarlegur fræðslufundur þar sem ytri sem innra aðilar fjalla um fjölbreytt málefni tengt verkefnum og starfsemi FSR. Þá var lagt mat á fræðsluóskir og þarfir í kjölfar starfsmannasamtala. Vaxandi breidd og fjöldi verkefna kallar á síaukna teymisvinnu innan FSR þar sem ólík reynsla og þekking er tengd saman. Einn liður að því að styrkja þennan þátt var innleiðing nýs skipurits FSR í maí 2018 með tveimur fagsviðum sem spanna saman heildarferli opinberrar framkvæmdar eða húsnæðisöflunar. Þvert á þau koma svo

tvö stoðsvið; annars vegar rekstrarsvið sem sér um fjármál og daglegan rekstur og hins vegar stoðþjónusta sem sinnir ýmsum stoðverkefnum við fagsviðin s.s. greiningaverkefni, upplýsingamál og skráningu ríkiseigna. Á árinu var haldið áfram við innleiðingu sýnilegrar stjórnunar með VMS-töflum sem nýttar eru bæði þvert á stofnunina sem og innan einstakra sviða.

Að lokum

Hér á landi eru stjórnvöld stærsti einstaki framkvæmdaaðili landsins og því er stefna hins opinbera í mannvirkjagerð og húsnæðisöflun mikilvægt afl,


hvort sem litið er til hagstjórnarlegra, umhverfislegra eða félagslegra þátta. Þá er ljóst að gríðarleg tækifæri eru fólgin á komandi árum í stefnumiðuðu samspili upplýsingatækni og húsnæðis með það að markmiði að efla framleiðni hins opinbera og styrkja opinbera vinnustaði sem eftirsóknarverðan kost fyrir unga Íslendinga. Framkvæmdasýslan gegnir í þessu samhengi lykilhlutverki sem starfsmenn munu á komandi árum sem hingað til leggja sig fram um að gegna af fagmennsku og heilindum.

Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri FSR


Um FSR


Framkvæmdasýsla ríkisins (FSR) fer með stjórn verklegra framkvæmda af hálfu ríkisins og veitir ráðuneytum og ríkisstofnunum ráðgjöf um byggingartæknileg málefni og undirbúning framkvæmda. Framkvæmdasýsla ríkisins starfar samkvæmt lögum nr. 84/2001, um skipan opinberra framkvæmda, og heyrir undir fjármála- og efnahagsráðuneytið. Starfsemi Framkvæmdasýslunnar er alfarið fjármögnuð með sértekjum.

Ríkisendurskoðun sér um endurskoðun á bókhaldi Framkvæmdasýslunnar. Ekki fer fram formleg endurskoðun á hverju ári, en Fjársýsla ríkisins gefur hins vegar árlega út samandreginn ársreikning fyrir stofnunina. Samandreginn ársreikning FSR má finna á síðu 36 í þessu riti.



Skipurit FSR sem tók gildi 1. maí 2018.





Fyrirhugað hjúkrunarheimili í Árborg

Verkefni á árinu 2018

FSR vann að fjölbreyttum verkefnum á árinu 2018, og er hér að aftan greint frá nokkrum af helstu viðfangsefnum á árinu. Verkefni eru flokkuð eftir verkkaupum, sem eru ýmist einstök ráðuneyti, undirstofnanir eða Alþingi.

Verkefni ársins

Alls komu starfsmenn FRS að 157 verkefnum á árinu 2018 sem er 4% fækkun frá fyrra ári. Velta FSR vegna verkefna var 2.283 m.kr. og er það 18% meira en á árinu 2017.

Vert er að nefna að inni í þessum tölum eru hvorki ofanflóðaverkefni né verkefni sem ekki eru í bókhaldi og greiðsluþjónustu hjá FSR, svo sem tilsjón með hjúkrunarheimilum eða verkefni NLSH við byggingu nýs Landspítala.

Stærstu verkefni í verklegri framkvæmd á árinu 2018 í umsjón Framkvæmdasýslu ríkisins voru stækkun gestastofu á Hakinu á Þingvöllum þar og tengd sýning, endurbætur innanhúss á Arnarhvoli og hjúkrunarheimilið í Árborg.

Tvær opnar samkeppnir á vegum forsætisráðuneytisins fóru fram á árinu 2018. Annars vegar er um að ræða framkvæmdasamkeppni um 1.200 fermenta

viðbyggingu við Stjórnarráðshúsið og hins vegar hugmyndasamkeppni um skipulag svokallaðs Stjórnarráðsreits sem markast af Ingólfsstræti, Skúlagötu, Klapparstíg og Lindargötu.

Samkeppnirnar voru auglýstar í byrjun apríl 2018 og lágu úrslit fyrir í byrjun desember 2018 á 100 ára afmæli fullveldis Íslands.

Á árinu 2018 var unnið að hönnun og áframhaldandi þróun nýrrar skrifstofubyggingar Alþingis, unnið var að endurskoðun hönnunar Húss íslenskra fræða á árinu auk þess sem útboð verklegrar framkvæmdar byggingarinnar var undirbúið.

Unnið var að fjölda ofanflóðaverkefna á árinu og lauk tveimur þeirra. Annars vegar uppsetningu stoðvirkja í N-Fíldölum á Siglufirði, hinsvegar uppsetning stoðvirkja í Kubba á Ísafirði.

Fjölgun ferðamanna undanfarin ár hefur kallað á uppbyggingu innviða á áninga- og ferðamannastöðum. Unnið að undirbúningi nýrrar þjóðgarðsmiðstöðvar á Hellissandi. Gestastofan á Hakinu á Þingvöllum var opnuð sumarið 2018 með glæsilegri margmiðlunar-sýningu sem unnið hefur til alþjóðlegra verðlauna.

Húsnæðisöflunarverkefni hafa orðið æ umfangsmeiri í starfi FSR undanfarin ár. Tryggingastofnun komst loks undir eitt þak í Kópavogi, þar sem nýjungar í starfsumhverfi gjörbreyta starfsháttum stofnunarinnar. Auk þess er nýja húsnæðið myglufrítt, sem var ekki raunin í gamla húsnæðinu. Á árinu stóð yfir undirbúningur á byggingu húsnæðis fyrir Hafrannsóknastofnun við Fornubúðir 5 í Hafnarfirði. Fyrsta skóflustungan var tekin í mars 2018 og áætluð verklok eru um mitt ár 2019. Einnig var unnið að húsnæðisöflun fyrir Persónuvernd, Ríkisskattstjóra, innheimtumann ríkisins og framtíðarhúsnæði fyrir viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu, Tollstjóra og Vegagerðina.

Uppbygging hjúkrunarheimila á sér stóran sess innan FSR. Stofnunin kemur með tvennum hætti að byggingu hjúkrunarheimila – bæði sem heildarumsjónaraðili verkefna og tilsjónaraðili með verkefnum sem ríki og sveitarfélög undirgangast í sameiningu.

Alþingi

Helstu verkefni fyrir Alþingi voru eftirfarandi:

Alþingi – Skrifstofubygging

Unnið var að nánari útfærslu vinningstillögu að skrifstofubyggingu Alþingis í samráði við verkkaupa og var uppfærð tillaga samþykkt af undirnefnd forsætisnefndar í ágúst 2018. Um er að ræða fjögurra hæða nýbyggingu auk bílakjallara og tengist nýbyggingin við skála Alþingisbyggingar með tengigangi.

Þegar skrifstofuhúsið verður tilbúið verður komin ein bygging fyrir dagleg störf alþingismanna og starfsmenn Alþingis sem hæfir starfsemi þingsins, auk þess sem aðgengis- og öryggiskröfum verður mætt með fullnægjandi hætti. Byggingin mun leysa af hólmi leiguhúsnæði sem Alþingi er nú með á fjölda staða í nágrenni Alþingis. Undirnefnd forsætisnefndar samþykkti uppfærða tillögu í ágúst 2018 sem í kjölfarið fór í fullnaðarhönnun. Heildarframkvæmdin er nú áætluð um 6.154 fermetrar, þar af þakhæð sem er um 400 fermetrar, sem mögulegt er að fresta rúmist hún ekki innan fjárheimilda. Stefnt er að því að byggingin verði vottuð sem vistvænt mannvirki samkvæmt alþjóðlega vottunarkerfinu BREEAM. Áætlað að jarðvinna hefjist haust 2019 og að byggingin verði tilbúin 2022. Arkitektar nýju skrifstofubyggingarinnar eru Margrét Harðardóttir og Steve Christer hjá Studio Granda. Listskreytingar eru í höndum Kristins E. Hrafnssonar.

Alþingi – Þórshamar

Þórshamar stendur við Templarasund. Húsið er byggt 1912 og hefur verið í eigu Alþingis frá árinu 1978 og hefur Umboðsmaður Alþingis haft aðsetur í húsinu frá árinu 2013. Á árinu var unnið að endurbótum á húsinu sem ætlað er að bæta aðstöðu Umboðsmanns og breyta aðgengismálum hreyfihamlaðra til betri vegar. Þá var á árinu lokið við að innrétta fyrirlestra- og móttökusalur í risi hússins. Gerðar hafa verið breytingar á þakvirki og burðarvirki Þórshamars ásamt utanhússfrágangi og frágangi innanhúss.

Útgefin skilamöt, skilagreinar og skilablöð

Bingjallar á Þingvöllum fyrir 100 ára fullveldishátíð, skilagreinar gefin út í nóvember 2018.

Forsætisráðuneytið

Húsnæðismál forsætisráðuneytisins og Stjórnarráðsins

Í lok árs 2015 óskaði forsætisráðuneytið eftir að Framkvæmdasýslan ynni frumathugun og þarfa- greiningu vegna húsnæðismála forsætisráðuneytisins og Stjórnarráðsins í heild sinni. Tvær opnar samkeppnir á vegum forsætisráðuneytisins voru auglýstar í byrjun apríl 2018. Annars vegar var um að ræða framkvæmdasamkeppni um 1.200 fermentra viðbyggingu við Stjórnarráðshúsið og hins vegar hugmyndasamkeppni um skipulag svokallaðs Stjórnarráðsreits sem markast af Ingólfsstræti, Skúlagötu, Klapparstíg og Lindargötu. Í október 2016 samþykkti Alþingi ályktun um það m.a. að fela ríkisstjórninni að efna til samkeppni um hönnun viðbyggingar við Stjórnarráðshúsið og skipulag Stjórnarráðsreits. Þingsályktunin var samþykkt í tilefni af aldarafmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands árið 2018. Framkvæmdasýsla ríkisins annaðist framkvæmd þingsályktunarinnar fyrir hönd forsætisráðuneytisins. Verkefnastjóri í þessum verkefnum var Örn Baldursson.

Viðbygging við Stjórnarráðshúsið

Unnið var með dómnefnd að undirbúningi og framkvæmd framkvæmdasamkeppni á árinu 2018. Niðurstöður samkeppninnar lá fyrir í byrjun desember 2018. 1. verðlaun hlaut tillaga Kurt og Pí ehf

Samhliða samkeppninni var boðinn út fornleifagröfur á baklóð hússins.

Þegar viðbyggingin við Stjórnarráðshúsið verður tilbúin, mun starfsemi forsætisráðuneytisins vera á einum stað í stað margra staða nú. Ráðuneytið hefur auk stjórnarráðshússins yfir að ráða leiguhúsnæði í miðborginni, sem er óhentugt, óhagkvæmt og óöruð.

Fyrirhuguð viðbygging er um 1.200 fermentrar stærð og stjórnarráðshúsið tæpir 600 fermentrar. Húsnæði forsætisráðuneytisins verður því um 1.800 fermentrar að byggingu lokinni. Verklök eru áætluð haustið 2023.

Alls bærust 30 tillögur í samkeppnina um viðbyggingu við Stjórnarráðshúsið.

Úrslit í hönnunarsamkeppni voru tilkynnt 3. desember 2018. Hlutskarpastir reyndust Ásmundur Hrafn Sturluson og Steinþór Kári Kárasson hjá Kurtogpí í samstarfi við Garðar Snæbjörnsson, Jóhönnu Høeg Sigurðardóttur og Ólaf Baldvin Jónsson.

Á árinu 2019 mun FSR vinna að verkefninu áfram, með deiliskipulagsbreytingu og fornleifauppgrefti á lóð Stjórnarráðsins.



Viðbygging við Stjórnarráðshúsið – Vinningstillaga



Viðbygging við Stjórnarráðshúsið – Vinningstillaga Kurt og Pí

Skipulag Stjórnarráðsreits

Stjórnarráðið vill skapa áhugaverðan og framsækinn vinnustað til framtíðar fyrir ráðuneyti, stofnanir og dómstóla. Breyting á eðli verkefna kallar á nýja nálgun hvað varðar sveigjanleika, vinnulag og vinnuumhverfi. Í sambyggðu eða sameiginlegu húsnæði fyrir ráðuneytin skapast auknir möguleikar á samrekstri. Meginmarkmið verkefnisins er að fá fram:

- Vandaða heildarlausn
- Vandað skipulag reitsins
- Vistvænar lausnir
- Skapandi vinnuumhverfi

Unnið var með dómnefnd að undirbúningi og framkvæmd hugmyndasamkeppni um skipulag Stjórnarráðsreits á árinu 2018. Niðurstöður samkeppninnar lá fyrir í byrjun desember 2018. 1. verðlaun hlaut tillaga T.ark Arkitekta og SP(R)INT Studio

Samkvæmt gildandi deiliskipulagi eru heimildir fyrir um 52.500 fermentra byggingamagni á reitnum. Núverandi byggingar eru um 28.500 fermentrar og því heimild fyrir um 24.000 fermentra nýbyggingum. Vinningstillagan gerir ráð fyrir svipuðu byggingamagni. Gert er ráð fyrir að endur- skoðað deiliskipulag reitsins liggi fyrir um mitt ár 2021.

Útgefin skilamöt, skilagreinar og skilablöð

Engin skilamöt, skilagreinar eða skilablöð voru gefin út fyrir forsætisráðuneytið á árinu.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Húsnæðismál MAST og Fiskistofu

Í október 2017 var tekin ákvörðun um að MAST flytti í Dalshraun 1 í Hafnarfirði, húsnæði þar sem ríkið var með á leigu 2. og 3. hæð, fyrir Fiskistofu til ársloka 2025. Stærsti hluti Fiskistofu flutti til Akureyrar 1. janúar 2016 og síðan stóð stór hluti húsnæðisins auður.

Samkvæmt þarfagreiningu fyrir MAST og Fiskistofu, sem unnin var árið 2016 rúmast MAST og sá hluti Fiskistofu sem áfram var í húsinu vel í húsinu. FSR fékk í byrjun árs 2018, beiðni frá FJR um að máta stofnanirnar inn í húsið og hafa umsjón með lágmarks breytingum, sem unnar voru fyrir fagraráðuneytið (ATN). Niðurstaða var að Fiskistofa flutti alfarið á 2. hæð, en MAST á 3. hæð hússins haustið 2018.

Breytingin skapar prýðilega aðstöðu fyrir báðar stofnanirnar, en bætir fyrst og fremst nýtingu á húsnæði með langtímaleigusamning við ríkið. Þá er húsnæðið prýðilega staðsett fyrir þessa starfsemi.

Um er að ræða um 2.000 fermentra húsnæði alls. Lágmarksbreytingar á húsnæðinu, heilmálun og smíði var unnið á kostnað fagraráðuneytisins ATN í samstarfi við starfsmenn FSR.

Verkinu lauk í október 2018.

Nýtt húsnæði fyrir Hafransóknastofnun (Hafró)

Auglýst var eftir nýju húsnæði í júní 2016 og óskað eftir að taka á leigu um 5.150 fermentra húsnæði þar af um 3.750 fermentra skrifstofu- og rannsóknarými og 1.400 fermentra geymslu, verkstæði og útgerðaraðstöðu. Alls bárust 13 tilboð. Tekið var tilboði frá Fornubúðum Eignarhaldsfélagi ehf. sem bauð húsnæði við Fornubúðir 5 í Hafnarfirði. Tilboðið miðar við 3.750 fermentra nýbyggingu og 1.300 fermentra í eldri byggingu sem gert er ráð fyrir að hýsi geymslu, verkstæði og útgerðaraðstöðu. Boðinn var viðleguréttur fyrir skip Hafró við Suðurbakkann í Hafnarfjarðarhöfn.

Í desember 2016 samþykkti fagraráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneytið að hefja formlegar samningaviðræður við Fornubúðir Eignarhaldsfélag ehf. um leigu á húsnæði undir starfsemi Hafró og stóðu þær yfir á árinu 2017. Leigusamningur var undirritaður í febrúar 2018, fyrsta skóflustungan að nýbyggingunni var tekin í mars 2018 og áætluð verklok eru um mitt ár 2019. Aðstaða Hafró verður sérsniðin sem henta mun starfseminni vel, þar sem húsið er hannað með þarfir stofnunarinnar í huga.

Hafró mun flytja í nýja húsnæðið haustið 2019.

Útgefin skilamöt, skilagreinar og skilablöð

Fiskistofa – Húsnæðismál – Skilagrein gefin út í febrúar 2018

Dómsmálaráðuneytið

Húsnæðismál Vegagerðarinnar

Í lok árs 2014 var óskaði Innanríkisráðuneytið eftir því að FSR ynni frumathugun og þarfagreiningu ásamt húsrýmisáætlun vegna undirbúnings breytinga á húsnæðismálum Vegagerðarinnar.

Vegagerðin er í dag með starfsemi á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu og er stefnt að því að koma starfseminni fyrir á einum stað. Í október 2018 var auglýst eftir húsnæði fyrir starfsemina. Húsrýmisþörf stofnunarinnar var áætluð alls 5.969 fermetrar þar af 3.541 fermetra skrifstofuhúsnæði og 2.428 fermetra þjónustu- og grófrými. Auk þess þarf stofnunin á að halda um 9.000 fermetra útisvæði.

Alls bárust 18 tilboð um húsnæði. Var ákveðið að ganga til samninga við Reginn hf. um leigu á húsnæði við Suðurhraun 3 í Garðabæ. Nú (2019) stendur yfir hönnun á húsnæðinu en miklar breytingar verða gerðar á húsnæðinu svo óhætt er að segja að nánast verði um að ræða nýtt húsnæði þegar Vegagerðin flytur.

Nýtt húsnæði Dómsstólasýslunnar

Auglýst var eftir húsnæði fyrir nýja stofnun, Dómsstólasýsluna. Fimm tilboð bárust og var ákveðið að taka á leigu um 240 fermentra húsnæði að Suðurlandsbraut 14 í Reykjavík. Í febrúar 2018 var undirritaður leigusamningur til 5 ára. Húsnæðið var afhent í mars. Verkefnastjórar FSR höfðu umsjón með þarfagreiningu, öflun leiguhúsnæðis, og eftirlit með framkvæmdum á staðnum. Dómsstólasýslan var í minna og óhentugu húsnæði í Austurstræti en á nýjum stað er fyrsta flokks skrifstofuhúsnæði, auk möguleika til námskeiðs- og fundahalda.

Verkinu lauk með innflutningi Dómsstólasýslunnar í húsnæðið 15. mars 2018.

Útgefin skilamöt, skilagreinar og skilablöð

- Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu – Lögreglustöð 1 – Skilablað gefið út í nóvember 2018
- Millidómstig – Húsnæðismál – Skilablað gefið út í október 2018
- Dómsstólasýslan – Nýtt leiguhúsnæði – Skilagrein gefin út í september 2018
- Landsréttur – Húsgögn – Skilablað gefið út í júní 2018

Fjármála- og efnahagsráðuneytið


Arnarhvoll, innanhússframkvæmdir – 3. áfangi

Þriðji áfangi innanhússframkvæmda á húsnæði Fjármálaráðuneytis í Arnarhvoli var boðinn út árið 2017. Framkvæmdum lauk að mestu á árinu 2018 en alls var um að ræða um 1.400 fermetra á öllum hæðum í austurhluta Arnarhvols. Við breytinguna hefur ráðuneytið nú yfir að ráða vönduðu, nútímalegu skrifstofuhúsnæði þar sem unnið er í teymisrýmum.

Húsnæðismál lögreglu, tollstjóra og annarra viðbragðsaðila

Í verkefninu felst að vinna og hafa umsjón með frumathugun, þarfagreiningu og húsrýmisáætlun vegna undirbúnings sameiginlegs húsnæðis Ríkislögreglustjóra, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Tollstjóra, Neyðarlínunnar og Landhelgisgæslunnar. Síðar bættust við Landsbjörg og Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins sem ekki eru á forræði ríkisins en henta vel innan ramma verkefnisins. Starfsemi þessara stofnana er dreift í dag á ýmsa staði en þar sem starfsemin tengist með ýmsum hætti er stefnt að því að koma starfsemi þeirra allra fyrir á einum stað í framtíðinni.

Hafist var handa við frumathugun á árinu 2018 og verður lögð fram heildstæð tillaga til úrbóta á húsnæðismálum ofangreindra stofnana.



Innra skipulag nýs húsnæðis Vegagerðarinnar í Garðabæ.

Stuðlaháls 2 Reykjavík – Stækkun dreifingar-miðstöðvar

Á árinu var unnið að byggingu 484 fermentra viðbyggingar við norðurhlíð núverandi vörúhúss ÁTVR að Stuðlahálsi í Reykjavík. Viðbyggingin er stálgrindarhúss Verkframkvæmdin var boðin út í febrúar 2018 og var samið við lægsta tilboðsgjafa um framkvæmdina 20. september 2018.

Útgefin skilamöt, skilagreinar og skilablöð

- Skúlagata 4 - Húsnæði ráðuneyta – Skilablað gefið út í nóvember 2018
- HVE – Mat á húsnæði og húsnæðisþörf – Skilablað gefið út í júní 2018
- Tollhúsið Tryggvagötu 19 – Endurbætur – Skilamat gefið út í júní 2018
- Hegningarhúsið – Frumathugun – Skilablað gefið út í maí 2018
- Arnarhvoll – Endurbætur innanhúss, 2. áfangi – Skilamat gefið út í mars 2018
- Húsnæði fyrir hælisleitendur – Skilablað gefið út í febrúar 2018
- Útlendingastofnun – Húsnæðismál hælisleitenda – Skilablað gefið út í febrúar 2018

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Hús íslenskunnar

Hús íslenskra fræða mun hýsa Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands. Byggingin rís á lóð nr. 5 við Arngrímögötu. Lóðin afmarkast af Suðurgötu til austurs, Guðbrandsgötu til suðurs og Arngrímögötu til vesturs. Norðan megin við Hús íslenskra fræða er Þjóðarbókhlaðan. Byggingin verður um 6.500 fermentrar, auk um 2.200 fermentra opinna bílageymslu. Jarðvinna Húss íslenskra fræða var boðin út árið 2013 og framkvæmdum þar að lútandi lauk það ár. Húsbyggingin var einnig boðin út 2013 en þeim framkvæmdum var frestað.

Á árinu var lokið við þá endurskoðun vinningstillögu hússins sem hafin var árið 2017. Hönnunin var aðlöguð að breyttri byggingarreglugerð, samráð var haft við verkkaupa og notendur og hönnun aðlöguð að breyttum óskum og nýjum kröfum. Þá var hönnun aðlöguð með tilliti til aukinnar hagkvæmni í byggingu og rekstri.

Framkvæmd byggingarinnar var boðin út nóvember 2018 og voru tilboð opnuð í febrúar 2019. Reyndist tilboð Ístak hf. hagstæðast og var í kjölfarið gengið til samninga um framkvæmdina sem hófst sumarið 2019.

Stefnt er að því að byggingin verði vottuð sem vistvænt mannvirki samkvæmt alþjóðlega vottunarkerfinu BREEAM. Áætlað er að byggingin verði tekin í notkun haustið 2023.



Innigarður í Húsi Íslensunnar

Arkitektar hússins eru Hornsteinar arkitektar ehf., Verkís hf. hefur umsjón með burðarþols- og lagnahönnun. Bruna-, hljóð- og öryggishönnun er í umsjón EFLU verkfræðistofu hf. Lota ehf. annast raflagnahönnun og hollenska fyrirtækið Arup annast lýsingarhönnun.

- Skógaskóli – Endurmat – Skilablað gefið út í mars 2018
- Menntaskólinn á Tröllaskaga – Búnaðarkaup – Skilagrein gefin út í febrúar 2018

Listaháskóli Íslands

Stefnt er að úrbótum í húsnæðismálum Listaháskóla Íslands, LHÍ, með aðkomu ríkisins. Mennta- og menningarmálaráðuneytið myndaði stýrihóp ráðuneytis, Listaháskólans og Ríkiseigna um mitt ár 2017 þar sem verkefnisstjórn er á hendi Framkvæmdasýslunnar. FSR vinnur þarfagreiningu og frumathugun fyrir skólann (LHÍ) í samvinnu við stýrihópinn. Nú er skólinn á fimm stöðum í bænum og enn fleiri húsum. Lögð er áhersla á að sameina starfsemi skólans þannig að hún verði öll á einni lóð/byggingu. Stýrihópurinn starfaði áfram á árinu 2018 að nánari útfærslu þarfagreiningar og greiningu valkosta fyrir húsnæðismál skólans.

Útgefin skilamöt, skilagreinar og skilablað

- Náttúruminjasafn Íslands - leiguhúsnæði – Skilablað gefið út í ágúst 2018
- Menntaskólinn í Reykjavík – 5. áfangi – Skilablað gefið út í júní 2018
- Húsnæðismál mennta- og menningarmálaráðuneytis – Skilablað gefið út í mars 2018

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Byggðastofnun

Árið 2015 var auglýst eftir húsnæði fyrir Byggðastofnun á Sauðárkróki, en engin viðunandi tilboð bárust. Í kjölfarið var auglýst forval þar sem leitað var eftir þátttakendum í alútbóði, það er fyrir hönnun og verkfræmde. Ónóg þátttaka var í forvalinu og því var auglýst hönnunarútbóð síðla árs 2016. Þar var boðin út fullnaðarhönnun 900 fermentra byggingar til útbóðs þar sem metin var bæði hæfni og verð. Nokkuð góð þátttaka var í hönnunarútbóðinu, en hagstæðasta tilboðið áttu Arkitektastofan Úti og Inni sf. ásamt VSB verkfræðistofu ehf. Áætlunargerð tafðist af óviðráðanlegum orsökum en verkið var boðið út um mitt ár 2018.

Útgefin skilamöt, skilagreinar og skilablað

Engin skilamöt, skilagreinar eða skilablað voru gefin út vegna verkefna fyrir samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytið árið 2018.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Gestastofa á Hakinu á Þingvöllum

Vegna síaukins straums ferðamanna að Þingvöllum var ákveðið að stækka núverandi gestastofu á Hakinu við Almannagjá sem reist var árið 2002. Á árinu 2015 fékkst heimild til áætlunargerðar og í framhaldinu var samið við hönnuði sem luku starfi í upphafi árs 2016.

Heildarstærð gestastofunnar með núverandi byggingu er um 1.277 fermentrar. Innra skipulagi var breytt og samræmt með það í huga að inn í húsið kæmi hágæða sýning. Um einstakt umhverfi og sögustað er að ræða og þarf að vanda mjög vel til allra bygginga sem reistar eru á svæðinu og halda landraski í lágmarki. Til að tryggja sem bestan árangur með tilliti til umhverfisins var ákveðið að því að byggingin skyldi hljóta vottun samkvæmt alþjóðlega umhverfisstærðunarkerfinu BREEAM og r hönnuðum og verktaka gert að tryggja það í vinnu sinni.

Undirbúningur að sýningarhaldi hófst 2016 og lauk forhönnun sýningarinnar á árinu 2016 og var hún þá tilbúin til útbóðs í almennu útbóði. Samþykkt var að sýningin yrði töluvert umfangsmeiri en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir. Kostnaðaráætlun, sem birt var með útbóðinu, hljóðaði upp á 316 m.kr. Samsteypa þriggja fyrirtækja undir nafninu Hakið ehf. varð hlutskörpust.

Í ágúst 2018 opnaði gestastofan með hinni glæsilegu sýningu sem hlotið hefur virt, alþjóðleg hönnunarverðlaun



Gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs Kirkjubæjar-klaustri

Við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs var gert ráð fyrir að komið yrði upp neti upplýsinga- og þjónustustaða þjóðgarðsins. Þjónustunetið byggir á þremur megin-einingum, það er gestastofum, sem jafnframt verða skrifstofur þjóðgarðsins, starfsstöðvum landvarða og upplýsingastofum.

Að beiðni umhverfis- og auðlindaráðuneytisins var, í framhaldi af fréttatilkynningu, dags. 5. nóvember 2015, óskað eftir að Framkvæmdasýsla ríkisins ynni frumathugun, áætlunargerð og hefði umsjón með verklegri framkvæmd vegna fyrirhugaðrar byggingar gestastofu á Kirkjubæjarklaustri fyrir vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs.

Gert er ráð fyrir að gestastofan hýsi skrifstofur vestursvæðisins fyrir umsýslu og daglegan rekstur og sýningarsvæði sem snýr að kennslu, fræðslu og upplýsingastarfi. Hönnuðir gestastofunnar eru Arkís arkitektar ehf., Verkís hf., Liska ehf., Verkfræðistofa Þráins og Benedikts ehf. og Hnit verkfræðistofa hf. Á árinu var unnið að fullnaðarhönnun gestastofunnar sem er 765 fermentrar að stærð.

Byggingin er hönnuð og verður byggð í samræmi við alþjóðlega umhverfisstærðunarkerfið BREEAM.

Gullfoss – nýr stigi milli efri og neðri útsýnis-svæða á friðlandinu

Nýr stigi við Gullfoss leysti af hólmi gamlan stiga sem orðinn var lélegur og stóð illa undir þeirri miklu umferð ferðamanna sem er á svæðinu. Nýi stiginn býður auk þess upp á betra útsýni yfir fossinn og er búinn hvíldarpöllum fyrir hreyfihamlaða. Lengd stigans er um 60 m með hvíldar- og útsýnispöllum

Gerð var ábyrgðarúttekt á verkinu þann 16. júlí 2018. Í ljós komu atriði sem verktaki þurfti að lagfæra og nokkur atriði sem þarfnast endurskoðunar með tilliti til breyttra aðstæðna og endingar. Verður hluti af því unnið 2019.

Umhverfisstofnun var verkkaupi, Vörðufell ehf. á Selfossi var aðalverktaki, Vélsmiðja Suðurlands ehf.

á Selfossi var undirverktaki þeirra og sá um stálmíði stigans og uppsetningu í samvinnu við Vörðufell. Arkitektar stigans eru Marey-arkitektar ehf á Selfossi í samvinnu við Tækniþjónustu Páls Zophaníassonar ehf. í Vestmannaeyjum. Verkís hf. á Selfossi annaðist daglegt eftirlit með verkinu.

Nes- og Bakkagil Neskaupstað – varnarvirki

Samkvæmt frumathugun Verkís hf. hefur verið lagt til að byggður verði 600 metra langur og 14 til 20 metra hár þvergarður fyrir ofan byggðina í Neskaupstað. Fyrir ofan þvergarðinn verður komið fyrir tuttugu 10 metra háum keilum í tveimur röðum. Markmið með byggingu varnarvirkjana er að stöðva hugsanleg snjóflóð fyrir ofan byggðina. Mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram og fyrir liggur frummatsskýrsla, dagsett í mars 2016, og álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum, dagsett 11. nóvember 2016.

Í janúar 2017 voru boraðar sjö grunnvatnsholur. Holurnar eru útbúnar með síritandi þrýstiskynjurum sem skrá samfellt grunnvatnsstöðu. Fylgst verður með grunnvatnsstöðu fyrir og eftir framkvæmdir.

Á árinu 2018 var verkefnið í bið.

Ofanflóðavarnir Eskifirði – Lambeyrará

Um er að ræða krapaflóðsvarnir í og við farveg Lambeyrará á Eskifirði. Frumathugun hefur farið fram og EFLA verkfræðistofa hf. vinnur við verkhönnun verkefnisins. Óvíst er hvenær verkefnið verður boðið út.

Ofanflóðavarnir Eskifirði – Ljósá – varnarvirki

Um er að ræða krapaflóðsvarnir í og við farveg Ljósá á Eskifirði. Farvegurinn er breikkaður og dýpkaður og botn og bakkar mótaðir með steypum veggjum og grjóthleðslu. Einnig eru steypir leiðiveggir beggja megin við efri hluta farveggar og byggðar steypar brýr yfir Ljósá á Strandgötu og á Steinholtssvegi.

Verkhönnun annast EFLA verkfræðistofa hf. og Landmótun sf. Útboðið var auglýst í desember 2016. Tilboð voru opnuð 17. janúar 2017. Samið var við Héraðsverk ehf. og hófust framkvæmdir í mars. Framkvæmdir gengu vel og lauk þeim í nóvember 2018.

Ofanflóðavarnir Ísafirði – Garður 5, áfangi 2

Um seinni áfanga í byggingu aurflóðavarnargarðs ofan Hjallavegar og nyrsta hluta Urðarveggar á Ísafirði er að ræða. Aurvarnargarðurinn og samsvarandi flóðafarvegur ofan hans er um það bil 650 metra langur. Aurvarnargarðurinn á að stöðva grjót og er um 5 metrar á hæð, það er frá botni í flóðafarvegi og upp á topp garðs. EFLA verkfræðistofa hf. annaðist hönnun. Teiknistofan Eik ehf. vann tillögu að mótvægisáðgerðum. Verkframkvæmdin var boðin út og samið var við lægstbjóðanda, Kubba ehf. Framkvæmdir hófust í maí 2017 og þeim lauk að mestu á árinu fyrir utan nokkra verkþætti sem lokið var við sumarið 2018. Enn er ýmsum frágangsvörkum ólokið, stígar og áningarstaði við mannvirkið.

Ofanflóðavarnir Ísafirði – uppsetning stoðvirkja í Kubba

Verkið felur í sér að setja upp stoðvirki úr stáli (e. snow bridges), einnig kallaðar stálgrindur eða grindur, til snjóflóðavarna á upptakasvæðum snjóflóða í Bröttuhlíð í Kubba ofan Holtahverfis á Ísafirði. Verkkaupi leggur til efni til verksins til uppbyggingar á stálgrindum samkvæmt samningi við efnissala. Áformað er að koma upp um 1.900 metrum af stálgrindum. Verkís hf. annaðist verkhönnun. Lagður var vegur upp að fyrirhuguðu framkvæmdasvæði vorið 2016. Uppsetning stoðvirkjana var boðin út og samið var við lægstbjóðanda í uppsetningu stoðvirkja, ÍAV hf. Unnið var að aðstöðusköpun á árinu 2016 og að borun og grautun sumarið 2017. Framkvæmdum lauk í nóvember 2018.



Kubbi - Snjóflóðavarnir á Ísafirði

Ofanflóðavarnir Patreksfirði – Mýrar, Hólar og Urðir

Í frumathugun Verkís hf. í desember 2016 er lagt til að reistur verði 5–11,5 metra hár, brattur varnargarður ofan efstu húsa við Hóla og Mýrar til að beina flóðum úr megin upptakasvæðinu frá byggð og út í sjó en stöðva flóð úr vestara upptakasvæðinu ofan byggðar. Jafnframt er mótaður flóðfarvegur milli fleygsins og varnargarðs við Urðargötu en ofan og við Urðargötu er lagt til að reisa um 350 metra langan snjóflóðavarnargarð. Austurhluti garðsins er 240 metra langur, 10–15,5 metra hár. Vesturhlutinn er 8,5–13,5 metra hár leiðigarður. Í apríl 2017 var boðin út gerð umhverfismats með verklokum 31. desember 2017. Tekið var tilboði lægstbjóðanda, VSÓ Ráðgjöf. Endanlegri matskýrslu var skilað til Skipulagsstofnunar 2018 og hófst þá verkhönnun. Verkefnið verður boðið út á árinu 2019.

Ofanflóðavarnir Patreksfirði – varnir ofan við Sigtún

Frumathugun er lokið þar sem lagt var til að 6 til 11,5 metra hár þvergarður verði byggður í slakka ofan byggðarinnar. Til að milda ásýndina er lagt til að

garðurinn verði grafinn niður um 1 til 3 metra þannig að hann standi ekki nema 5 til 9 metra yfir óhreyfðu landi. Lokið var við gerð kynningarskýrslu á framkvæmdinni 2017 og skýrslan lögð fram til Skipulagsstofnunar til umsagnar. Verkefnið var í bið á árinu 2018.

Ofanflóðavarnir Tálknafirði – varnargarður

Frumathugun er lokið. Lagt er til að 6 til 9,5 metra háir leiðigarðar verði byggðir á aurkeilunni neðan Geitárhorna sem leiði snjó- og krapaflóð eftir henni miðri um auða lóð og út í sjó. Óvíst er hvenær framkvæmdir geta hafist. Á árinu 2017 var unnið að breytingum á aðal- og deiliskipulagi á vegum sveitarfélagsins. Kynningarskýrsla verður lögð fram til Skipulagsstofnunar til umsagnar þegar breytt skipulag hefur verið staðfest.

Snjóflóðavarnir Siglufirði, N-Fífladalir, uppsetning stoðvirkja

Verkið felur í sér að setja upp stoðvirki úr stáli (e. snow bridges) á upptakasvæðum snjóflóða til snjóflóðavarna í N-Fífladölum ofan byggðar á Siglufirði. Þetta er 3.

áfangi framkvæmda við uppsetningu stoðvirkja á Siglufirði. Ráðgjöf og frumhönnun var unnin af Stefan Margreth hjá Swiss Federal Institute og verkhönnun var unnin af Verkís hf. Hluti af hönnun stálgrindanna er unnin af framleiðanda grindanna, Mair Wilfried GmbH. Útboð fór fram í maí 2015. Samið var við Köfunarþjónustuna ehf. Verktaki hóf störf í fjallinu í lok ágúst 2015. Unnið var áfram sumarið 2016 og gekk framkvæmdin vel. Framkvæmdir héldu áfram á árinu 2017 var unnið fram í miðjan október og gengu mjög vel. Framkvæmdum við uppsetningu stoðvirkjanna og frágangi var lokið í september 2018.

Urðarbotnar og Sniðgil Neskaupstað – varnarvirki

Samkvæmt frumathugun Verkís hf. er lagt til að byggður verði 375 metra langur og 12 til 17 metra hárf þvergarður norðan við Blómsturvelli. Jafnframt er lagt til að byggðar verði 16 keilur, 8 metra háar í tveimur röðum fyrir ofan þvergarðinn. Markmið með byggingu varnarvirkjanna er að stöðva hugsanleg snjóflóð fyrir ofan byggðina en einnig að verja byggðina fyrir aurflóðum og hugsanlegu berghlaupi úr Urðarbotnum. Mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram og fyrir liggur frummatsskýrsla, dagsett í mars 2016, og álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum, dagsett í nóvember 2016.

Í janúar 2017 voru boraðar fjórar grunnvatnsholur. Holurnar eru útbúnar síritandi þrýstiskynjurum sem skrá samfelld grunnvatnsstöðu. Fylgst verður með grunnvatnsstöðu fyrir og eftir framkvæmdir. Verkhönnun og gerð útboðsgagna var boðin út í janúar 2017. Gerður var ráðgjafasamningur við VSÓ Ráðgjöf í apríl 2017. Unnið var í undirbúningi útboðs á árinu 2018 með það fyrir augum að verkið verði boðið út í byrjun sumars 2019. Verkinu á að ljúka 1. desember 2021

Þjóðgarðsmiðstöð Hellissandi

Á árinu var unnið fyrir Umhverfis- og auðlindaráðuneytið í samvinnu við Umhverfisstofnun að fullnaðarhönnun þjónustumiðstöðvar í Þjóðgarði Snæfellsjökuls á Hellissandi út frá samkeppnistillögu Arkís arkitektar ehf. Aðilar hönnunarteymis eru Arkís arkitektar ehf., EFLA hf., Liska ehf. og Verkís hf.

Byggingin mun hýsa þjónustumiðstöð þjóðgarðsins með sýningar- og kennsluástöðu, auk rýma fyrir starfsmenn þjóðgarðsins, svo sem skrifstofur, geymslur og aðstöðu fyrir þjóðgarðsverði, alls um 710 fermentrar. Byggingin samanstendur af tveimur megin byggingum sem tengjast saman með miðrymi. Önnur byggingin hýsir umsýslu fyrir daglegan rekstur þjóðgarðsins en hin hýsir starfsemi sem snýr að kennslu, fræðslu og upplýsingastarfi á hans vegum.

Byggingin er hönnuð og verður byggð í samræmi við alþjóðlega umhverfsvottunarkerfið BREEAM.

Útgefin skilamöt, skilagreinar og skilablöð

- Snjóflóðavarnir á Ísafirði - Kubbi – Skilamat gefið út í maí 2018
- Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri – Skilablað gefið út í febrúar 2018
- Þjóðgarðsmiðstöð á Hellissandi – Skilablað gefið út í febrúar 2018
- Snjóflóðavarnir í Neskaupstað – Uppbygging garða og keila – Skilamat gefið út í janúar 2018
- Sjúkratryggingar Íslands, húsnæðismál – Skilagreinar gefin út í desember 2018
- Velferðarráðuneyti – Flutningur í Skógarhlíð 6 – Skilablað gefið út í júní 2018
- Hjúkrunarheimili við Boðaping 5 – Leki – Skilablað gefið út í apríl 2018
- Heilsugæslustöð í Mývatnssveit – Skilamat gefið út í janúar 2018

Velferðarráðuneytið

Framkvæmdasjóður aldraðra

Framkvæmdasýsla ríkisins hefur frá árinu 2009 unnið með velferðarráðuneytinu við að yfirfara umsóknir um framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra og veita umsagnir um þær. Einnig hefur verið leitað til stofnunarinnar um gerð viðtökuúttekta á stærri og flóknari verkefnum og með að hafa tilsjón með stærri verkefnum eins og hjúkrunarheimilum samkvæmt sérstökum samningi þar um.

Hjúkrunarheimili

Aðkoma FSR að hjúkrunarheimilum er tvíþætt. Annars vegar hefur stofnunin umsjón með verklegum framkvæmdum, allt frá undirbúningsstigi þeirra og áætlunargerð að verklegum framkvæmdum og gerð skilamats samkvæmt lögum nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda.

Hins vegar hefur FSR hefur tilsjón með framkvæmdum hjúkrunarheimila sem felst í að fylgjast með framgangi framkvæmda, gera verklokaúttektir og veita ráðuneytinu upplýsingar um gang mála ásamt því að gefa út viðtökuvottorð.

Hér á eftir er fyrst fjallað um hjúkrunarheimili sem FSR hafði heildarumsjón með á árinu 2018 og síðan hjúkrunarheimili sem FSR hafði tilsjón með.

Hjúkrunarheimili – heildarumsjón FSR

Hjúkrunarheimili Árborg

Hönnunarsamkeppni vegna fyrirhugaðs hjúkrunarheimilis í Sveitarfélaginu Árborg, Selfossi, fór fram á árinu 2017. Niðurstöður voru kynntar og verðlaun afhent 24. október 2017 í Fjölbautaskóla Suðurlands. Á árinu var unnið að fullnaðarhönnun hjúkrunarheimilisins.

Hjúkrunarheimilið er fyrir 60 íbúa, ásamt sameiginlegum stoðrymum, alls 3.900 fermentrar að stærð á tveimur hæðum. Byggingin er hringlaga með aðgengilegum inngarði fyrir íbúa og gesti.

Verkkaupar eru velferðarráðuneytið og Sveitarfélagið Árborg.

Áætlað er að verkið verði boðið út haustið 2019 og að framkvæmdum ljúki 2021.

Byggingin er hönnuð og verður byggð í samræmi við alþjóðlega umhverfsvottunarkerfið BREEAM.

Hjúkrunarheimili í Sveitarfélaginu Hornafirði – stækkun

Á árinu 2018 var unnið að undirbúningi hönnunar vegna stækkunar hjúkrunarheimilisins á Hornafirði. Frumathugun um verkefnið var unnin á árinu og lauk henni í maí 2018, í framhaldi af því var sótt til samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir um heimild til áætlunargerðar. Var hún veitt 13. september 2018. Fyrirhugað er að eftir stækkun verði heimilið fyrir 30 vistmenn og að húsnæðið verði í fullu samræmi við núverandi viðmið velferðarráðuneytisins hvað stærðir og aðbúnað varðar.

Þá var stofnaður stýrihópur til undirbúnings hönnunar-samkeppni með fulltrúum frá heilbrigðisráðuneytinu og sveitarfélaginu. Fyrsti fundur stýrihópsins haldinn 3. október og fundað reglulega eftir það og samkeppnin undirbúin út árið 2018. Hönnunarsamkeppni var auglýst 16. febrúar 2019.

Tilsjón með hjúkrunarheimilum

Á árinu 2018 héldu áfram framkvæmdir við uppbyggingu hjúkrunarheimila í svonefndri leiguleið sem hófust 2015 og eru á vegum velferðarráðuneytisins og sveitarfélaganna.

Sveitarfélögin annast undirbúning og framkvæmd í samráði við Framkvæmdasýsluna.

Hjúkrunarheimilin eru í eigu sveitarfélaganna en ríkið tekur heimilin á leigu og greiðir framkvæmdakostnaðinn til baka á 40 árum. FSR hefur tilsjón með framkvæmdum sem felst í að fylgjast með framgangi framkvæmda, gera verklokaúttektir og veita ráðuneytinu upplýsingar um gang mála ásamt því að gefa út viðtökuvottorð.

Eftirfarandi eru hjúkrunarheimili sem FSR hafði tilsjón með á árinu 2018:

Hjúkrunarheimilið á Seltjarnarnesi

Framkvæmdir við hjúkrunarheimilið á Seltjarnarnesi stóðu sem hæst árið 2018. Byggingin er á lóð við Safnatröð á Seltjarnarnesi og er aðkomutorg til austurs. Hjúkrunarheimilið samanstendur af fjórum heimilum fyrir 40 hjúkrunarrými, alls 2.600 fermentrar og með 786 fermentrar sem verða að teljast til þjónustumiðstöðvar og þar af eru um 340 fermentrar sem þjónustusel.

Hjúkrunarheimilið við Fellaskjól í Grundarfirði

Á árinu 2015 ákvað heilbrigðisráðherra að veita framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra til hjúkrunar- og dvalarheimilisins Fellaskjól í Grundarfirði vegna byggingar 6 einstaklings hjúkrunarrýma við eldra heimili. Um er að ræða 202 fermentrar viðbyggingu og óverulegar breytingar á eldra húsi vegna tenginga. Áætluð verklok eru í desember 2019.

Hjúkrunarheimilið við Sléttuveg í Reykjavík

Í lok ársins 2017 hófust jarðvinnuframkvæmdir á takmörkuðu byggingarleyfi fyrir byggingu 11 deilda, 99 rýma hjúkrunarheimilis við Sléttuveg í Reykjavík. Byggingin er um 6.373 fermentrar á fjórum hæðum, auk jarðhæðar. Á árinu 2018 var jarðvinnu og uppsteypu á fyrstu hæðum lokið. Áætluð verklok eru í febrúar 2020. Framkvæmdum á Sléttuvegi verður þar með ekki lokið, því til stendur að byggja íbúðir fyrir aldraða sem tengdar eru við hjúkrunarheimilið í gegnum þjónustumiðstöð.

Hjúkrunarheimilið við Sólvang í Hafnarfirði

Byggingaframkvæmdir stóðu allt árið 2018. Byggingin er á fimm hæðum, 1. hæð/kjallari inniheldur rými fyrir sjúkrapjálfun, skrifstofur og stoðrymi ásamt geymslum og tæknirýmum. Heimilin eru á 2.–4. hæð en 5. hæð er einungis lóðrétt/lárétt tenging við tengigang sem tengjast á fjórðu hæð núverandi hjúkrunarheimilis. Alls verður hjúkrunarhlutinn 3.900 fermentrar en



Grunnmynd og ásýnd – Hjúkrunarheimili Árborg – Urban arkitektar ehf. og LOOP Architects aps

heildarstærð hússins verður 4.250 fermentrar með tengigangi. Lóðarstærð er 8.417 fermentrar. Í árslok 2018 var gert ráð fyrir verklokum í maí 2019. Þegar byggingu og innréttingu verður lokið mun hjúkrunarplássnum á Sólvangi fjölga úr 59 í 93.

Hjúkrunar- og þjónustuheimilið við Kirkjuhvol á Hvolsvelli

Í lok árs 2015 ákvað heilbrigðisráðherra að veita framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra til hjúkrunar- og dvalarheimilisins Kirkjuhvols í Rangárþingi Eystra, annars vegar vegna byggingu viðbyggingar fyrir 12 hjúkrunarrými og hins vegar byggingu þjónusturýma, alls um 1.305 fermentrar. Framkvæmdir hófust í október 2016 og var viðbyggingin opnuð 1. maí 2018.

Önnur verkefni fyrir Velferðarráðuneytið

Skrifstofuhúsnæði fyrir Landspítala – LSH - nýtt húsnæði fyrir stofnunina

Auglýst var eftir tæplega 5.000 fermetra húsnæði í maí 2018. Aðeins barst eitt tilboð og var ákveðið að ganga til samninga við Reiti hf. um leigu á húsnæði, fyrir LSH, við Skaftahlíð 24 og 24a. Skrifað var undir húsaleigusamning þann 19. október 2018.

Í auglýsingu eftir húsnæði var gerð krafa um að húsnæðið verði skipulagt samkvæmt hugmyndafræði um verkefnið að vinnuumhverfi en í því felst að allir

starfsmenn LSH verða í teymisrymum með frjálsu sætisvali.

Verulegar breytingar þurfti að framkvæma á húsnæðinu þannig að það uppfyllti kröfur embættisins. Farið var í hönnun á húsnæðinu. Og breytingar á húsnæðinu sem stóðu það sem eftir var árs 2018.

Mikil breyting verður á vinnuferlum innan LSH í nýju húsnæði. Engar einkaskrifstofur eru í húsnæðinu, eingöngu teymisrymi fyrir starfsmenn. Eins og áður kom fram á enginn „rétt“ á sæti en velur næsta stól sem er laus.

Húsnæðið sem var afhent sumarið 2019 er alls 5030,9 fermetrar að stærð. Leigusali sá alfarið um framkvæmdir við breytingar á húsnæðinu og greiddi þann kostnað sem af þeim hlaut.

Hringbrautarverkefnið

Hringbrautarverkefnið, nýr spítali allra landsmanna, er stærsta notendastudda hönnunarverkefni Íslands-sögunnar. Verkefnið er unnið samkvæmt lögum um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík, nr. 64/2010, og breytingum sem Alþingi samþykkti 28. mars 2013.

Nýr Landspítali ohf., NLSH, hefur umsjón með Hringbrautarverkefninu fyrir hönd verkkaupa samkvæmt lögum þar um. Framkvæmdasýslan veitir ráðgjöf og umsjón samkvæmt samningi þar um.



Hjúkrunarheimili í Sveitarfélaginu Hornafirði – Vinningstillaga Basalt arkitekta og Eflu verkfræðistofu

Við hönnun og framkvæmd verkefna á vegum NLSH er unnið eftir aðferðafræði BIM (e. Building Information Modeling). Verkkaupi hyggst einnig fá byggingarnar vottaðar samkvæmt alþjóðlega umhverfisvottunarkerfinu BREEAM.

Hringbrautarverkefnið – Götur, veitur, lóð og jarðvinna meðferðarkjarna – 1. áfangi

Á árinu 2017 var unnið að hönnun á færslu gatna, lagna og tenginganga í tengslum við nýjan meðferðarkjarna og breytingum á gatna- og stígakerfi á lóð Landspítalans við Hringbraut. Um er að ræða 1. áfanga verkefnisins. Verkið var boðið út um mitt ár 2018, framkvæmdir hófust 9. júlí 2018 og er áætlað að þeim ljúki í byrjun apríl 2020.

Hringbrautarverkefnið – Sjúkrahótel, götur, veitur, lóð og tengingar

Hönnun sjúkrahótels hófst síðari hluta sumars 2014. KOAN hópurinn hannaði bygginguna en lóðarhönnun var unnin af ráðgjöfum SPITAL hópsins. Sjúkrahótelíð er 80 herbergja og stendur norðan Kvennadeildar. Það er á fjórum hæðum ásamt kjallara og tengigöngum sem tengjast deildum spítalans.

Húsið er prýtt með steinklæðningu, listaverki eftir Finnoga Pétursson myndlistarmann, samkvæmt samkomulagi við Listskreytingasjóð ríkisins.

Á árinu 2018 var lokið frágang hússins að innanverðu og tengingar við önnur hús Landspítalans. Jafnframt var lóðin lagfærð og ný aðkoma aðlöguð að eldri byggingum.

Sjúkrahótelíð var afhent Landspítalanum í lok janúar 2019.

Nýtt húsnæði fyrir Geislavarnir ríkisins

Stefnt er að því að flytja starfsemi Geislavarna ríkisins úr núverandi húsnæði við Rauðarárstíg í nýtt húsnæði. Á árinu 2017 var hafin vinna við gerð þarfagreiningar og húsrýmisáætlunar með starfsmönnum stofnunarinnar. Á árinu 2018 var verkefnið stöðvað og ákveðið að stofnunin flytti inn í húsnæði með öðrum stofnunum.

Nýtt húsnæði fyrir hluta af Sjúkratryggingum Íslands

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) fluttu fyrri part árs 2018 hluta af starfseminni sem var við Rauðarárstíg/Laugaveg að Vínlandsleið 6–8 og 14–16 og sameinuðust þeim hluta af starfseminni sem þar var fyrir. Ástæðan fyrir þessum flutningum og breytingum á skipulagi núverandi húsnæðis var meðal annars að skapa möguleika á betri nýtingu húsnæðis og um leið að skapa aukið svigrúm fyrir fjölgun starfsmanna sem fyrirsjáanleg er í nánustu framtíð vegna aukinna verkefna. Þá felst augljóst hagræði í því að hafa stofnunina á einum stað.

Stærð fyrrverandi húsnæðis SÍ var alls 6.091 fermetrar en var eftir flutninginn alls 5.085 fermetrar. Sparnaðurinn í húsnæði er því 1.006 fermetrar.

Húsnæði SÍ við Vínlandsleið er skipulagt samkvæmt hugmyndafræði um verkefnaþætti vinnuumhverfi með frjálsu sætavali. Markmiðið með þessu skipulagi er meðal annars að tryggja starfsmönnum sveigjanlega vinnuaðstöðu í samræmi við ólík verkefni og breytilegar áherslur frá einum tíma til annars.

Miklar breytingar voru framkvæmdar á skipulagi húsnæðisins. Helstu breytingar á húsnæðinu tengdust miklum kröfum sem gerðar voru til hljóðvistar. Þannig þurfti að rífa vegg og setja upp nýja ásamt því að skipta um gólfefni og kerfisloft í hluta af húsnæðinu. Einnig voru gerðar sérstaklega miklar hljóðkröfur til fundaherbergja, viðtals- og ráðgjafarherbergja, afdrepa



Nýtt húsnæði — Tryggingastofnun ríkisins — Reginn

og síma- og næðisrýma. Framkvæmdir við húsnæðið hófust í júlí 2017 og þeim lauk í febrúar 2018. Flutningi stofnunarinnar lauk í júní 2018 þegar lokið hafði verið við uppsetningu nýs húsbúnaðar.

Nýtt húsnæði fyrir Tryggingastofnun ríkisins

Á árinu 2017 var unnin þarfagreining og húsrýmisáætlun fyrir Tryggingastofnun ríkisins (TR) og síðan, í framhaldi af því, frumathugun. Niðurstaða frumathugunar var sú að lagt var til að auglýst yrði eftir húsnæði fyrir stofnunina eins fljótt og kostur væri. Ástæða flutninganna er sú að mygla fannst í núverandi húsnæði við Laugaveg.

Auglýst var eftir 2.600 fermetra húsnæði í janúar 2018. Alls bárust 9 tilboð í húsnæði fyrir stofnunina og var ákveðið að ganga til samninga við Reginn hf. um leigu á húsnæði við Hlíðasmára 11 í Kópavogi.

Verulegar breytingar þurfti að framkvæma á húsnæðinu þannig að það uppfyllti kröfur embættisins. Að lokinni hönnun á húsnæðinu tóku við miklar breytingar á húsnæðinu sem stóðu það sem eftir var árs 2018.

Nýtt húsnæði mun marka vatnskil í þeim efnum að öll starfsemi TR verður í einu húsi, auk þess sem

nýja húsnæðið er mun nútímalegra en hið eldra. Þá verða forsendur til að taka á móti skjólstæðingum stofnunarinnar mun betri í nýja húsnæðinu auk þess sem betur mun fara um starfsfólk.

Húsnæðið er alls 2.564 fermetrar að stærð. Fyrra húsnæði var um 3.200 fermetrar þannig að sparnaður í húsnæði er um 600 fermetrar. Leigusali sá alfarið um framkvæmdir við breytingar á húsnæðinu og greiddi kostnað sem af þeim hlaut. Þó gerði leigjandi kröfur um öflugri loftræstingu en gert var ráð fyrir í húslýsingu og greiðir hann fyrir það.

Útgefnir skilamöt, skilagreinar og skilablöð

- Sjúkratryggingar Íslands, húsnæðismál – Skilagreinar gefin út í desember 2018
- Velferðarráðuneyti – Flutningur í Skógarhlíð 6 – Skilablað gefið út í júní 2018
- Hjúkrunarheimili við Boðarþing 5 – Leki – Skilablað gefið út í apríl 2018
- Heilsugæslustöð í Mývatnssveit – Skilamat gefið út í janúar 2018

Fasteignir í ríkiseigu

Ríkissjóður er stærsti einstaki fasteignaeigandi í landinu. Samkvæmt 20. gr. laga um opinberar framkvæmdir heldur Framkvæmdasýslan utan um skráningu fasteigna í eigu ríkissjóðs. Til að tryggja að opinber skráning fasteigna í ríkiseigu sé sem réttust er fylgst með þinglýstum réttindum og færslu eigna í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands. Þegar misræmis verður vart eru færslur leiðréttar í samráði við fjármála- og efnahagsráðuneytið, annaðhvort með þinglýsingu eða sambandi við sveitarfélög og/eða fasteignaskrá. Framkvæmdasýslan veitir þjónustu og upplýsingar til ráðuneyta, ríkisstofnana, sveitarfélaga og annarra aðila sem vinna við stjórn fasteignaumsýslu.

Upphaflega var haldið utan um eignaskrá ríkisins í fjármálaráðuneytinu

eða fram til 1995. Verkefnið var síðan tekið upp að nýju 2005 og vistað í Fasteignum ríkissjóðs en fært til Framkvæmdasýslunnar árið 2014. Frá því stofnunin tók

við verkefninu hefur skráning ríkiseigna batnað mikið og upplýsingar um rekstraraðila þeirra orðið aðgengilegri.

Undanfarið ár hefur Þjóðskrá Íslands unnið að kerfisbreytingum og uppfærslum á fasteignaskránni. Framsetning gagna hefur tekið miklum breytingum og aukin áhersla er á birtingu fasteignaréttinda á grundvelli þinglýstra gagna frá sýslumannsembættum. Þá hafa fjármála- og efnahagsráðuneytið og Þjóðskrár Íslands gert með sér samkomulag um skráarhald fasteignaskrár ríkisins. Framkvæmd samkomulagsins er í höndum Framkvæmdasýslunnar fyrir hönd ráðuneytisins.

Hér að neðan eru samanteknar helstu niðurstöðutölur úr eignaskrá ríkisins. Gerðar eru ýmsar athugasemdir og settir fyrirvarar um þessa birtingu en nánari upplýsingar um það er að finna á vefsíðu Framkvæmdasýslunnar, www.fsr.is.

Stutt samantekt um fasteignir í eigu ríkissjóðs sem gefur góða mynd af stöðunni eins og hún var í lok árs 2018.

Fasteignir miðað við eignarhluta (fjárhæðir í þús.)

Tegund eigna	Fjöldi	Flatarmál	Fasteignamat	Brunabótamat	Endurstofnverð	Afskrifað endurstofnverð
Hús og mannvirki	954	896.637	164.447.952	269.448.358	286.547.036	226.748.606
Jarðir og eyðibýli	445		6.480.486	13.958.644	15.898.814	11.572.012
Landréttindi	573		12.258.885			
Hlunnindi og ræktun	74		239.649	323.762	363.470	260.507
Samtals	2.046		183.426.972	283.730.764	302.809.320	238.581.125

Fasteignir – heildarstærðir (fjárhæðir í þús.)

Tegund eigna	Fjöldi	Flatarmál	Fasteignamat	Brunabótamat	Endurstofnverð	Afskrifað endurstofnverð
Hús og mannvirki	954	974.674	177.424.460	295.398.399	313.510.550	248.547.765
Jarðir og eyðibýli	445		6.536.092	14.035.167	15.989.217	11.629.631
Landréttindi	573		12.235.217			
Hlunnindi og ræktun	74		214.253	282.837	321.883	224.369
Samtals	2.046		196.410.022	309.716.403	329.821.650	260.401.765

Þróunar- og samstarfsverkefni

Framkvæmdasýslan tekur þátt í ýmsu formlegu samstarfi við innlendar stofnanir og hagsmunasamtök sem og við erlendar stofnanir.

Þátttaka í samstarfi innanlands er talsverð þar sem FSR er í samráði við ríkisstofnanir, sveitarfélög og ýmis hagsmunasamtök sem starfa á skyldum vettvangi.

BIM Ísland

BIM Ísland var stofnað árið 2008 sem samtök opinberra verkkaupa til að styðja við innleiðingu á BIM aðferðafræðinni í opinberum framkvæmdum á Íslandi.

FSR leiddi starf BIM Ísland allt til ársins 2018 en þá var BIM Ísland opnað öllum hagaðilum í byggingariðnaði með það að markmiði að vinna að stöðugum umbótum í notkun BIM og stafrænnar tækni til að auka gæði og hagræðingu í byggingu, viðhaldi og eignaumsýslu mannvirkja og vera leiðandi samráðsvettvangur í notkun, þróun og stöðlun á BIM.

Að baki BIM Ísland stendur nú fjölbreyttur hópur fyrirtækja sem vilja styðja við framþróun BIM á Íslandi og stuðla að aukinni framleiðni í byggingariðnaði.

BIM, upplýsingalíkön mannvirkja

Upplýsingalíkön mannvirkja eða BIM (e. Building Information Modelling) er aðferðafræði sem FSR hefur staðið fyrir að innleiða í opinberum framkvæmdum síðan árið 2008. Á árinu 2018 hefur verið unnið markvisst að því að skilgreina þarfir og kröfur FSR sem verkkaupa í BIM verkefnum í samræmi við nýja íslenska og CEN/ISO BIM staðla og stefnumarkandi leiðbeiningar fyrir innleiðingu á BIM sem gefnar voru út af vinnuhópnum EU BIM Task Group í handbókinni *Handbook for the Introduction of Building Information Modelling by the European Public Sector* í júlí 2018.

Stefnt er að því að BIM verkefni á vegum FSR standi ekki að baki BIM verkefnum á vegum systurstofnana á

Norðurlöndunum og verði leiðandi fyrirmynd á íslenskum markaði.

FSR er þátttakandi í samstarfi systurstofnana á Norðurlöndum (NKS) í innleiðingu á BIM. FSR tekur einnig þátt í EU BIM Task Group en þar vinnur Evrópusambandið, ásamt Noregi og Íslandi, að innleiðingu á BIM og notkun stafrænnar tækni í opinberum framkvæmdaverkefnum. Verkefnið er styrkt af Evrópusambandinu. Til að styðja byggingariðnaðinn í innleiðingu á BIM í gegnum árin hefur FSR haldið ýmis námskeið og flutt erindi á ráðstefnum þar sem aðferðafræði BIM er kynnt.

Á árinu 2018 voru átta framkvæmdaverkefni yfir 500 m.kr. þar sem BIM aðferðafræðin var notuð, tveimur verkefnum lauk á árinu, þrjú verkefni eru á mismunandi stigum hönnunar, tvö á tilboðsstigi og eitt í framkvæmd.

BIM aðferðafræðin var notuð í eftirtöldum verkefnum á árinu 2018:

Byggingarstaðlaráð

Staðlaráð Íslands er vettvangur hagsmunaaðila til að vinna að stöðlun og notkun staðla á Íslandi. Ráðið starfar á grundvelli laga um stöðlun. Byggingarstaðlaráð (BSTR) starfar sem fagstaðlaráð í umboði stjórnar Staðlaráðs Íslands.

Dokkan

Dokkan er þekkingar- og tengslanet sem stendur fyrir fjölda áhugaverðra fræðslufunda á hverju ári í samstarfi við fyrirtæki. Fundirnir eru á sviði stjórnunar og rekstrar og tengjast einnig lífinu á vinnustaðnum. Starfsmenn FSR hafa aðgang að atburðum Dokkunnar.

Framkvæmdafræði við Háskóla Íslands

Til nokkurra ára hefur Háskóli Íslands haldið námskeiðið Framkvæmdafræði 1 en um er að ræða námskeið

Verkfræði- og náttúruvísindasviðs sem tilskilinn hluti á þriðja ári BS náms í Umhverfis- og byggingaverkfræði. Á námskeiðinu er nemendum veitt þjálfun og færni til að beita undirstöðuatriðum í verkefnisstjórn og framkvæmdafræði í byggingariðnaði.

Tveir starfsmenn FSR miðluðu þekkingu sinni sem kennarar á þessum námskeiðum á árinu, þeir Ármann Óskar Sigurðsson og Örn Baldursson.



Grænni byggð

Grænni byggð, Green Building Council Iceland (áður Vistbyggðarráð) var stofnað árið 2010 af 32 íslenskum fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum sem eiga það sameiginlegt að vilja stuðla að vistvænni þróun byggðar héraendis. Þann 1. nóvember 2018 varð Grænni byggð aðili að alþjóðlegu samtökunum World Green Building Council.

Tilgangur félagsins er að vera leiðandi vettvangur á sviði vistvænnar þróunar við skipulag, hönnun, byggingu, rekstur og viðhald mannvirkja á Íslandi. Markmið félagsins er að hvetja til stöðugra umbóta í anda sjálfbærrar þróunar í mannvirkjagerð og skipulagi og stuðla þannig að því að þjóðin geti ávallt búið við heilbrigð og góð lífsskilyrði.

Grænni byggð starfrækir faghópa á meðal aðildarfélagum, skipuleggur fræðsluviðburði, gefur út fræðsluefni og tekur þátt í rannsóknar- og þróunarverkefnum. Grænni byggð tekur virkan þátt í erlendu samstarfi við systursamtök, sérstaklega á Norðurlöndum, í gegnum verkefni og viðburði.

Framkvæmdasýsla ríkisins var einn af stofnaðilum Grænni byggðar og hefur tekið virkan þátt í starfsemi félagsins frá upphafi. Starfsmaður FSR situr í stjórn

Grænni byggðar. Bergljót S. Einarsdóttir sat í stjórn Grænni byggðar fyrir hönd FSR frá janúar til maí 2018. Í júní 2018 tók Olga Árnadóttir við stjórnarsetu og situr enn.

Helstu viðburðir sem Grænni byggð stóð fyrir eða tók þátt í árið 2018 voru:

- Dagur Grænni byggðar – ráðstefna um sjálfbærni í byggingariðnaði (maí 2018)
- Vistferilsgreiningar og sjálfbærni í grænenskum byggingariðnaði – málstofa (ágúst 2018)
- Heimsókn í Efnismiðlun Sorpu (ágúst 2018)
- Hvað er umhverfisvæn bygging í íslensku samhengi? Vinnustofa (september 2018)
- Umhverfisdagur atvinnulífsins – fyrirlestur Grænni byggðar um vistvæn mannvirki (október 2018)
- Græni stígurinn í græna treflinum – málstofa (nóvember 2018)
- Ráðstefna um byggingarúrgang – samstarf Grænni byggðar, Samtaka iðnaðarins og Fenúr (nóvember 2018)
- Viðmið fyrir vistvæna byggingu – málstofa þar sem niðurstöður vinnustofu voru kynntar (nóvember 2018)
- Hönnun gatnamóta fyrir fjölbreyttan ferðamáta – málstofa (desember 2018)
- Umsóknarferli og formleg aðild að World Green Building Council
- Norrænir fundir í Osló og Evrópufundur í Amsterdam

Styrkt verkefni á vegum Grænni byggðar

Grænni byggð hlaut eftirfarandi verkefnastyrki árið 2018

- Verkefnið „Umhverfisvæn bygging í íslensku samhengi“ (styrkt af umhverfis- og auðlindaráðuneyti)
- Verkefni um byggingarúrgang (styrkt af Mannvirkjastofnun, vinna fer fram árið 2019)
- Verkefni um rannsóknir á vistvottunarkerfum (styrkt af Mannvirkjastofnun, vinna fer fram árið 2019)
- Verkefni um prófanir á vistvottunarkerfum (styrkt af Mannvirkjastofnun, vinna fer fram árið 2019)

Jarðtæknifélag Íslands

Jarðtæknifélagið var stofnað 1978 og er viðurkenndur aðili að alþjóðasamtökum í mannvirkjajarðfræði og jarð- og bergtækni. Framkvæmdasýsla ríkisins er stuðningsaðili félagsins ásamt öðrum fyrirtækjum og stofnunum.

NKS – Norrænt samstarf um ríkisbyggingar

Norrænt samstarf um ríkisbyggingar / Nordisk Kontakt om Statsbygninger (NKS) er samstarfsvettvangur FSR við systurstofnanirnar á Norðurlöndum. Haldnar eru ráðstefnur á tveggja ára fresti og stendur starfsmönnum aðildarstofnana til boða aðgangur að sérþekkingu systurstofnanna sem mikið verðmæti er fólgið í fyrir hið smá íslenska samfélag.

PuRE-net – Vinnuaðstöðusamtök

Á árinu 2018 gerðist FSR aðili að PuRE-net (The Public Real Estate Network) sem eru evrópsk samtök systurstofnana FSR/Ríkiseigna og ráðuneyta þar sem skipst er á skoðunum um fasteignamál hjá hinu opinbera og tengd efni. Samtökin halda árlega vinnustofur um málefni tengd opinberum vinnustöðum þar sem tækifæri gefst til að virkja og efla tengslanet þeirra á milli. Framkvæmdasýslan tekur virkan þátt í þessu starfi.



Samtök iðnaðarins

Útboðsþing Samtaka iðnaðarins var haldið 26. janúar 2018 á Grand Hótel Reykjavík. Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri FSR, hélt þar erindi um fyrirhugaðar verkfrámkvæmdir á vegum FSR og Ríkiseigna 2018.



Steinsteypufélag Íslands

Framkvæmdasýslan er aðili að Steinsteypufélagi Íslands. Helsti viðburður félagsins er hinn árlegi steinsteypudagur. Að þessu sinni var hann haldinn 9. mars 2018 á Grand Hótel Reykjavík. Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá með öflugum fyrirlesurum og tekið á mörgum mikilvægum málum tengdum byggingariðnaðinum.



TWN – Vinnuaðstöðusamtök

FSR lauk þátttöku sinni í alþjóðlegu samtökunum TWN (The Workplace Network) árið 2018 og gekk í stað þess í hin Evrópsku samtök PuRE-net.

Rekstur og starfsfólk

Rekstrarafkoma

Tekjur ársins námu rúmum 340 m.kr. sem er tæpum 4% hærra en gert var ráð fyrir í rekstraráætlun. Gjöld ársins námu 338 m.kr. og voru því rúmum 3% yfir áætluðum gjöldum.

Tekjur hækkuðu frá fyrra ári um 36 m.kr. eða 12%. Gjöld hækkuðu um rúmar 35 m.kr. eða 12%. Afkoma stofnunarinnar varð betri en áætlun gerði ráð fyrir og nam rekstrarafgangur ársins tæpum 2 m.kr.

Launagjöld eru stærsti útgjaldaliður í rekstri stofnunarinnar. Á árinu 2018 námu þau rúmum 249 m.kr. eða tæpum 74% af heildargjöldum. Launagjöld hækkuðu milli ára um sem nemur 21 m.kr. eða um 9%. Launaliður var tæpum 14 m.kr. eða 5% undir áætlun ársins. Helstu ástæður eru að áform stofnunarinnar um ráðningar gengu ekki eftir.

Í heildina nam annar rekstrarkostnaður 89 m.kr. og hækkaði frá fyrra ári um 14,5 m.kr. eða tæp 20% á milli ára.

Á árinu lækkaði afskriftasjóður um 5 m.kr. og stendur í lok ársins í 7 m.kr.


Í árslok nam eigið fé Framkvæmdasýslunnar 43 m.kr.

Verkbókhald FSR

Stærstur hluti þeirra verka sem Framkvæmdasýsla ríkisins hefur umsjón með er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá stofnuninni. Lög um skipan opinberra framkvæmda kveða enda á um að svo skuli vera til að stuðla að aukinni hagkvæmni í opinberum framkvæmdum. Með því er verkefnastjórum gert kleift að hafa ávallt nýjustu upplýsingar um fjárhagsstöðu verkanna og auðveldar það kostnaðargát á verkum.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi mynd jókst velta FSR vegna verkefnaum rúm 18% á milli árána 2017 og 2018.

Velta í verkefnum án ofanfl.verkefna (m.kr.)



Gæðastjórnunarkerfi

Gæðastjórnunarkerfi FSR var vottað 30. október 2012 í samræmi við kröfur í alþjóðlega stjórnunarstaðlinum ÍST ISO 9001:2008, Gæðastjórnunarkerfi – kröfur.

Viðhaldsvottun Vottunar hf. fóru fram í apríl og október. Engin frávik voru skráð í viðhaldsúttektir Vottunar hf. á árinu.

Innri úttektir fóru fram á vormánuðum og kláruðust í sumarlok. Verklagsreglur sem tengjast kjarnastarfsemi FSR – frumathugun, öflun húsnæðis, áætlunargerð, verklegum framkvæmdum og skilamati eru teknar út árlega.

Starfsmannamál

Í lok ársins 2018 störfuðu hjá FSR 19 starfsmenn í 18,2 stöðugildum.

Starfsemi stofnunarinnar kallar á nokkuð hátt menntunarstig og er meirihluti starfsmanna háskólamenntaður.

Konur voru um áramót 37% af mannafla FSR. Það er markmið jafnréttisáætlunar FSR að tryggja að starfsmenn hafi jöfn tækifæri óháð kynferði og að stuðla að jafnri stöðu karla og kvenna innan stofnunarinnar.

Nokkar breytingar urðu á mannhaldi stofnunarinnar á árinu. Guðrún Ingvarsdóttir var ráðin forstjóri og lét Hafsteinn S. Hafsteinsson af störfum en hann hafði tímabundið verið settur sem forstjóri FSR. Þrír verkefnastjórar hættu störfum undir lok ársins. Þetta voru þau Bergljót Sigríður Einarsdóttir, Sigurður Hafsteinn Steinarsson og Vífill Björnsson. Fjórir verkefnastjórar voru ráðnir en það eru Guðrún Fanney Sigurðardóttir, Kristján Rafn Harðarson, Olga Árnadóttir og Ólafur Magnús Birgisson.

Fræðsluáætlun starfsmanna FSR


FSR leggur áherslu á viðhalda hæfni starfsmanna og er endurmenntun og þjálfun því fastur liður í starfsemi. Fræðsluáætlun er gerð fyrir hvern starfsmann og eru framlög til símenntunar vel nýtt. Þá var á árinu innleiddur mánaðarlegur fræðslufundur þar sem ytri aðilar jafnt sem starfsmenn standa fyrir fræðslu um fjölbreytt málefni tengd starfsemi FSR.



Starfsmannafélagið Auðvitað

Starfsmannafélagið Auðvitað starfaði sem áður af fullum krafti. Stjórn Auðvitað skipuðu Vífill Björnsson, formaður, Ingibjörg Guðveig Ólafsdóttir gjaldkeri og Arna Björk Jónsdóttir ritari. Varastjórnendur voru Ármann Óskar Sigurðsson og Berglind Ýr Ólafsdóttir. Skoðunarmenn voru Guðni Geir Jónsson og Sigurður Norðdahl.

Auðvitað stóð fyrir fjölda viðburða á starfsárinu. Við fengum meðal annars leiðsögn um hið sögufræga hús Höfða og fórum í nokkrar skoðunarferðir á framkvæmdarstaði sem FSR hefur haft umsjón og eftirlit með. Farið var upp í Hallgrímskirkjuturn, í keilu, hádegisgöngur og bingó í Vinabæ. Gengið var á Úlfarsfellið og haldin var í fyrsta sinn sameiginleg sumarveisla með öllum ríkisstofnunum í Borgartúni 7, sem vonandi verður árlegur viðburður hér eftir. Þá voru hin árlegu þorrablót og jólahlaðborð á sínum stað. Hápunktur ársins var svo árshátíð FSR sem var haldin í Borgarnesi að þessu sinni með góðum mat, gistingu og morgunverði.



Ársreikningur 2018

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Framkvæmdasýsla ríkisins er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérлага. Stofnunin er leiðandi afl á sviði opinberra framkvæmda með það að markmiði að bæta verklag og auka skilvirkni, hagkvæmni og gæði við framkvæmdir ríkisins.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefna svið 5 og mála flokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2018 var ársveltan kr. 340,4 milljónir og afkoma kr. 2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 43,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 1223,5 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2018 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Framkvæmdasýslu ríkisins í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Framkvæmdasýslu ríkisins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík 20.6.2019

Staður/dags.

Forstöðumaður

Yfirlit um afkomu ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Tekjur			
Seld þjónusta		340.164.645	303.543.967
Framlög og ýmsar tekjur		200.000	719.967
Tekjur samtals		340.364.645	304.263.934
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	249.279.940	228.446.493
Annar rekstrarkostnaður	4	85.275.268	70.677.862
Afskriftir		3.827.381	3.845.695
Gjöld samtals		338.382.589	302.970.050
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði		1.982.056	1.293.884
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		57.758	61.000
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	5	(84.831)	(127.189)
		(27.073)	(66.189)
Afkoma ársins		1.954.983	1.227.695
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur		1.954.983	1.227.695
Rekstrartilfærslur		0	0
		1.954.983	1.227.695

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr	31.12.2018	31.12.2017
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6		
Áhöld, tæki og búnaður		10.705.645	13.088.423
Aðrar eignir		6.446	15.036
		<u>10.712.091</u>	<u>13.103.459</u>
Fastafjármunir samtals		<u>10.712.091</u>	<u>13.103.459</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	7	6.689.935	6.926.628
Tengdir aðilar	8	302.257.099	331.630.862
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	9	22.085.511	31.143.068
Handbært fé	10	881.745.039	507.681.827
		<u>1.212.777.584</u>	<u>877.382.385</u>
Veltufjármunir samtals		<u>1.212.777.584</u>	<u>877.382.385</u>
Eignir samtals		<u>1.223.489.675</u>	<u>890.485.844</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	11		
Hrein eign		43.314.691	41.359.708
		<u>43.314.691</u>	<u>41.359.708</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	8	1.031.247.887	669.414.696
Viðskiptaskuldir		119.272.441	158.050.360
Ýmsar skammtímaskuldir	12	29.654.656	21.661.080
		<u>1.180.174.984</u>	<u>849.126.136</u>
Skuldir samtals		<u>1.180.174.984</u>	<u>849.126.136</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>1.223.489.675</u>	<u>890.485.844</u>
Aðrar upplýsingar	13		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		1.954.983	1.227.695
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	<u>3.827.381</u>	<u>3.845.695</u>
		5.782.364	5.073.390
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		9.294.250	(192.731.179)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>(30.784.343)</u>	<u>(69.268.560)</u>
		(21.490.093)	(261.999.739)
Handbært fé frá rekstri		<u>(15.707.729)</u>	<u>(256.926.349)</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	6	<u>(1.436.013)</u>	<u>(508.473)</u>
		(1.436.013)	(508.473)
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		391.206.954	457.135.517
		<u>391.206.954</u>	<u>457.135.517</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		374.063.212	199.700.695
		<u>507.681.827</u>	<u>307.981.132</u>
Handbært fé í árslok		<u>881.745.039</u>	<u>507.681.827</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Skýringar

	2018	2017
3 Laun og launatengd gjöld		
Laun	198.187.625	183.880.408
Orlof, breyting	3.047.640	(415.978)
Launatengd gjöld	45.959.297	43.120.226
Starfsmannakostnaður	2.085.378	1.861.837
	<u>249.279.940</u>	<u>228.446.493</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	19,5	19,0
	2018	2017
4 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	1.362.943	1.487.952
Ýmis tæki og áhöld	857.033	643.449
Varahlutir og viðhaldsvörur	13.826	16.805
Orkugjafar	216.240	461.403
Matvæli	1.100.909	1.111.560
Almennar rekstrarvörur	190.930	194.664
Vörukaup, almenn	3.741.881	3.915.833
Fundir, námskeið, risna	2.010.110	2.023.717
Ferðir, uppihald	3.469.615	5.052.098
Akstur	2.975.178	3.620.203
Sérfræðipjónusta	48.613.044	31.764.605
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	132.719	120.510
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	2.014.868	718.579
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	783.768	674.059
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	59.999.302	43.973.771
Afnotagjöld	14.214.265	13.333.730
Leigugjöld	7.269.748	6.463.438
Notkun véla og flutningatækja	14.000	5.860
Verkkaup	1.631.467	1.682.218
Kostnaðarhlutdeild	3.309.555	3.244.112
Tilfærslur	95.050	58.900
Breyting niðurfærslu krafna	(5.000.000)	(2.000.000)
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	21.534.085	22.788.258
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>85.275.268</u>	<u>70.677.862</u>
5 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		
Fjármagnskostnaður	2.512	19.146
Gengistap, endurmat	82.319	108.043
	<u>84.831</u>	<u>127.189</u>

Skýringar

	31.12.2018	31.12.2017	
6 Varanlegir rekstrarfjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:			
Áhöld, tæki og búnaður	10.705.645	13.088.423	
Aðrar eignir	6.446	15.036	
	<u>10.712.091</u>	<u>13.103.459</u>	
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2018:			
	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2018	22.489.041	85.905	22.574.946
Viðbætur á árinu	1.436.013	0	1.436.013
	<u>23.925.054</u>	<u>85.905</u>	<u>24.010.959</u>
Afskriftir 1.1.2018	9.400.618	70.869	9.471.487
Afskrift ársins	3.818.791	8.590	3.827.381
	<u>13.219.409</u>	<u>79.459</u>	<u>13.298.868</u>
Staða 31.12.2018	<u>10.705.645</u>	<u>6.446</u>	<u>10.712.091</u>
7 Viðskiptakröfur			
Viðskiptakröfur	6.689.935	6.926.628	
	<u>6.689.935</u>	<u>6.926.628</u>	
8 Tengdir aðilar			
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.			
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>			
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	287.634.105	322.007.868	
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga	21.622.994	21.622.994	
	<u>309.257.099</u>	<u>343.630.862</u>	
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu	(7.000.000)	(12.000.000)	
	<u>302.257.099</u>	<u>331.630.862</u>	
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>			
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	498.677.816	251.371.461	
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	532.570.071	418.043.235	
	<u>1.031.247.887</u>	<u>669.414.696</u>	
9 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður			
Skattar	22.085.511	31.143.068	
	<u>22.085.511</u>	<u>31.143.068</u>	
10 Handbært fé			
Tékkareikningar	881.745.039	507.681.827	
	<u>881.745.039</u>	<u>507.681.827</u>	

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 8,8 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

Skýringar

	31.12.2018	31.12.2017
11 Eigið fé		
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum		
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	41.359.708	18.509.019
Niðurfelling vegna orlofsskuldbindingar	0	21.622.994
Afkoma ársins	1.954.983	1.227.695
Jöfnuður 31.12.	<u>43.314.691</u>	<u>41.359.708</u>

Áætlað framlag á móti orlofsskuldbindingu í stofnefnahagsreikningi, að fjárhæð kr. 21,6 milljónir, var fært yfir eigið fé á árinu 2017 skv. fyrirætlum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. einnig frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings fyrir árið 2017

Afkoma ársins hefur verið flutt óskert á hreina eign þar sem reglugerð um yfirfærslur ónotaðra fjárheimilda á grundvelli 2. mgr. 30. gr. LOF liggur ekki fyrir. Leiði tilkoma reglugerða til breytinga á meðferð afkomu mun það verða leiðrétt í ársreikningi fyrir árið 2019.

12 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	24.254.656	21.207.016
Ógreidd laun	0	454.064
Fyrirframminnheimtar tekjur	5.400.000	0
	<u>29.654.656</u>	<u>21.661.080</u>

13 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði sem er útrunninn en efnður eins og hann hafi verið framlegndur óbreyttur og ótímabundna þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 13,5 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 3 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2018.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óafturkallanleg loforð

Á ekki við

Atburðir eftir reikningsskiladag

Á ekki við

Ársreikningur hefur ekki verið endurskoðaður á þeim tíma sem ársskýrsla FSR er gefin út og er því ekki áritaður af Ríkisendurskoðun.



Stefna FSR

Kjarnastarfsemi

Framkvæmdasýsla ríkisins, FSR, fer með stjórn verklegra framkvæmda af hálfu ríkisins og veitir ráðuneytum og ríkisstofnunum ráðgjöf um byggingartæknileg málefni og undirbúning framkvæmda. Framkvæmdasýsla ríkisins starfar samkvæmt lögum nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda og heyrir undir fjármála- og efnahagsráðuneytið. Starfsemi Framkvæmdasýslunnar er alfarið fjármögnuð með sértekjum.

Hlutverk Framkvæmdasýslu ríkisins, FSR, er að vera leiðandi afl á sviði opinberra framkvæmda með það að markmiði að bæta verklag og auka skilvirkni, hagkvæmni og gæði við framkvæmdir ríkisins.

Framtíðarsýn FSR er að vera hágæða þjónustustofnun sem veitir viðskiptavinum sínum góða þjónustu, stuðlar að framþróun mannvirkjagerðar og tryggir að eignir ríkisins og húsnæði í leigu ríkisins nýtist með hagkvæmum hætt og skili samfélagslegum ávinningi.

Meginverkefni FSR snúa að umsjón með verklegum framkvæmdum ríkisins, allt frá undirbúningsstigi þeirra og áætlunargerð að verklegum framkvæmdum og gerð skilamats. FSR sinnir einnig umsjón verkefna vegna framkvæmda við ofanflóðavarnir og liðsinnir ráðuneytum og ríkisstofnunum í húsnæðisöflun. Stofnunin vinnur þarfagreiningar, húsrýmisáætlanir og frumathuganir og fer með umsjón með áætlanagerð sé þess óskað. Samkvæmt 20. gr. laga nr. 84 frá 2001 skal FSR byggja upp og viðhalda skrá yfir fasteignir ríkisins sem gagnast ráðuneytum og ríkisstofnunum við stjórn fasteignasýslu. Til að tryggja sem best gögn á þessu sviði er unnið að samræmingu á skráningu ríkiseigna í fasteignaskrá Þjóðskrár og þinglýsingarbókum sýslumannsembættta. Skráningin er unnin í samvinnu við Þjóðskrár og sýslumannsembættin að höfðu samráði við fjármála- og efnahagsráðuneytið. FSR vinnur og heldur utan um mannvirkjaáætlun ríkisins.

Samkvæmt lögum um skipan opinberra framkvæmda, nr. 84/2001 skiptast opinberar framkvæmdir í fjóra skýrt afmarkaða áfanga. Þessir áfangar eru frumathugun,

áætlunargerð, verkleg framkvæmd og skilamat. Niðurstöður frumathugunar og áætlunargerðar skal leggja fyrir fjármála- og efnahagsráðuneytið til samþykktar áður en heimilt er að hefja undirbúning næsta áfanga. Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir er ráðuneytinu til ráðgjafar um framkvæmd laga um skipan opinberra framkvæmda.

Breytt fyrirkomulag á eignasýslu ríkisins með fasteignum mun kalla á frekari greiningarvinnu en hefur verið til þessa. Fleiri húsnæðisöflunarverkefni þar sem auglýst er eftir húsnæði í stað þess að byggja nýtt kalla einnig á aukna greiningarvinnu t.d. við mat á ólíkum húsnæðiskostum og kostnaðargreiningar. Ef verður af sameiningu Framkvæmdasýslu ríkisins og Ríkiseigna má gera ráð fyrir breytingum í starfsemi og rekstrarfyrirkomulagi. Meta þarf áhrif nýrra laga um opinber innkaup nr. 120/2016 á starfsemi FSR.

Rekstrarþættir

Starfsemi FSR er flokkuð niður í kjarnastarfsemi og rekstrarþætti. Ársáætlun FSR birtist í stefnumótun ríkis- aðila til þriggja ára en þar er fjallað um einstök markmið, mælikvarða og aðgerðir en rekstraráætlun er hluti af ársáætlun. Árangurskýrsla verður frá 2017 hluti af árskýrslu en í skýrslunni verður gerð grein fyrir starfsemi FSR og hún metin samkvæmt árangursmælingum stefnumótunar.

Almennt fær Framkvæmdasýsla ríkisins ekki framlag úr ríkissjóði til starfsemi sinnar heldur er hún fjármögnuð með sértekjum, þ.e. þóknun fyrir þjónustu við viðskiptavinina sína. FSR þjónar ráðuneytum og stofnunum og er ánægja viðskiptavina könnuð árlega. FSR vinnur skv. vottuðu gæðastjórnunarkerfi og eru stöðugar umbætur hluti af starfsemi stofnunarinnar.

Starfsfólk FSR er lykill að velgengni stofnunarinnar en áhersla er lögð á að starfsmenn fái að njóta sín í starfi og hafi möguleika á að auka þekkingu sína og færni með markvissum hætti. Lögð er áhersla á árangur, fagmennsku og áreiðanleika.



MARKMIÐ 1

Kjarnastarfsemi	Tengist markmiði málaflokks
Að gæta hagkvæmni með því að bæta verklag og auka skilvirkni, hagkvæmni og gæði í opinberum framkvæmdum (1) og að eignir ríkisins skili samfélagslegum ávinningi.	<p>5.2.1 Eignir ríkisins skili samfélagslegum ávinningi og nýtist með hagkvæmum hætti í starfsemi ríkisins</p> <p>5.2.3 Verðmæti fastafjármuna verði viðhaldið og aukið, arðsemi metin og vel haldið á opinberum framkvæmdum</p> <p>5.3.1 Nýting fjármuna ríkisins sé markviss, stuðli að árangri og aukinni hagsæld</p> <p>5.3.2 Framleiðni og árangur í opinberri starfsemi verði eflid</p> <p>5.3.3 Fjármálastjórn ráðuneyta og stofnana sé ábyrg og skilvirk</p>

AÐGERÐIR

	Upphaf	Lok
Gera úttekt á byggingarkostnaði mismunandi verkkaupa (ríkið, OHF, sveitarfélög, einkaaðilar) á mismunandi tegundum bygginga Þessari aðgerð var meðal annars fylgt eftir með greiningu á lykiltölum úr skilamötum FSR, sem gefin voru út í skýrslu á í byrjun árs 2019. Þá var gerð athugun að hvaða marki töluleg gögn frá sveitafélögum og einkaaðilum væru aðgengileg.	2018	2019
Gera hagrænan samanburð á mismunandi útboðsformum (kostnaður og gæði) og eftir atvikum þróa ný útboðsform (t.d. samstarfsverkefni) Unnið var að innleiðingu uppfærðs alútbóðslíkans fyrir tiltekin verkefni. Þá var hafin þróun aðferðafræði við húsnæðisöflun í þeim tilvikum þar sem um er að ræða nýbyggingar, eða veruleg endurgerð á eldra húsnæðis.	2018	2019
Gera tillögu að flokkun framkvæmda (t.d. A, B og C flokkar) sem ákvarði fjárhagsramma hvers verkefnis, á frumathugunarstigi þess, í samræmi við kröfur, eðli, tilgang og mikilvægi verkefnis. Unnið var að þróun aðferðafræði um frummat verkefna á stigi frumathugunar með tilliti til umfangs, flækjustigs, sérstöðu og aðkomu hagsmunaaðila.	2017	2019
Bæta tímaáætlanir framkvæmdaverkefna (lagfæringar, búnaður, virkni- og viðtökuprófanir) Útbóðslýsingar uppfærðar með tilliti til markmiðs.	2017	2020
Bæta kostnaðaráætlanir (kostnaðarbanki FSR og rauntölur úr magntöluskrám) Kostnaðarbanki var uppfærður með nýjum upplýsingum og hafin var vinna við eflingu kostnaðaráætlanalíkans á stigi frumathugunar.	2016	2020
Aðgerðir til að koma í veg fyrir ólögmeta starfsemi í byggingariðnaði Unnið var að upptöku útboðs og samningsskilmála FSR mtt. heilbrigðis virðisdeðjunnar.	2016	2020

MÆLIKVARÐAR

Gögn lögð til grundvallar	Staða 2016	Staða 2017	Staða 2018	Viðmið 2019	Viðmið 2020
Tímaáætlanir verklegra byggingarframkvæmda standist	6–8 mán.	6 mán.	1,7 mán.	2 mán.	2 mán.
Tímaáætlanir ofanflóðaframkvæmda standist.		0 mán.	1,8 mán.	2 mán.	2 mán.
Fjárhagur /eftirlit með kostnaði		2%	4%	3%	3%
Taka upp samræmda áhættu- og óvissugreiningar í verkefnum FSR	undirbúa	undirbúningur	innleiðing	mat	mat

MARKMIÐ 2

Kjarnastarfsemi	Tengist markmiði málaflökks
Að fjárfestingar ríkisins, eignir og húsnæði sem ríkið leigir nýtist með hagkvæmum hætti fyrir starfsemi ríkisins.	<p>5.2.1 Eignir ríkisins skili samfélagslegum ávinningi og nýtist með hagkvæmum hætti í starfsemi</p> <p>5.2.3 Verðmæti fastafjármuna verði viðhaldið og aukið, arðsemi metin og vel haldið á opinberum framkvæmdum</p> <p>5.2.4 Fjárbinding í eignum sé réttlætanlegt vegna nýtingar þeirra í þágu starfsemi ríkisins og samnorið við tekjur af mögulegri sölu og niðurgreiðslu skulda</p> <p>5.3.2 Framleiðni og árangur í opinberri starfsemi verði eflid</p> <p>5.3.4 Skipulag ríkisins sé hagkvæmt og stjómun markviss til að opinber starfsemi geti mætt áskorunum nýrra tíma</p> <p>5.3.5 Ríkið búi yfir framúrskarandi mannauði til að það geti uppfyllt hlutverk sitt í þágu almennings</p>

AÐGERÐIR

	Upphaf	Lok
Þróa langtímaáætlun um húsnæðisþörf og fjárfestingar ríkisins. FSR og FJR unnu að skilgreiningu Framkvæmda- og fjárfestingaáætlunar sem ætlað er að kortleggja fjárfestingaþörf til lengri og skemmri tíma.	2017	2019
Hagkvæmni og gæði fari saman. Endurskoða stærðarviðmið og leiðbeiningar, t.d. sértæk rými, í samvinnu við FJR. Unnið var að skilgreiningu stærðarviðmiða fyrir vinnuumhverfi hins opinbera.	2016	2017
Úttekt á fermetranotkun á starfsmann í skrifstofuhúsnæði ríkisins. Unnið í samvinnu við Ríkiseignir. Gerð var samantekt og gefin út í lok árs.	2017	2018
Þróa áfram hagkvæmnigreiningar húsnæðiskosta og val á hagkvæmasta kosti. Unnið var að eflingu valkostalíkana sem notuð eru við mat verkefna á stigi frumathugunar.	2016	2019

MÆLIKVARÐAR

	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2016	Staða 2017	Staða 2018	Viðmið 2019	Viðmið 2020
Betri nýting rýma með færri fermetrum á hvern starfsmann í húsnæðisöflunarverkefnum FSR (fyrirliggjandi húsnæði)	Húsrýmisáætlanir og leigusamningar.	21 m ²	20,4 m ²	19,9 m ²	20 m ²	20 m ²
Betri nýting rýma með færri fermetrum á hvern starfsmann í húsnæðisöflunarverkefnum FSR (nýtt húsnæði)	Húsrýmisáætlanir og leigusamningar.			18 m ²	18 m ²	18 m ²
Að ákvarðanir varðandi uppbyggingaráform, hvort sem er varðandi byggingaframkvæmdir eða húsnæðisöflun taki mið af mannvirkjaáætlun ríkisins.	Mannvirkjaáætlun sem borin verður saman við þau verkefni sem stofnað verður til á hverju ári	0%	Ekki til upplýs. um	Framkvæmda og fjárfestingaáætlun í undirbúningi	80%	90%

MARKMIÐ 3

Kjarnastarfsemi	Tengist markmiði málaflokks
<p>Að vera leiðandi afl á sviði opinberra framkvæmda (BIM og vistvænar áherslur).</p> <p>Vera hágæða þjónustustofnun sem veitir viðskiptavinum sínum góða þjónustu (áreiðanleiki, fagmennska, árangur - bætt upplýsingamiðlun).</p>	<p>5.2.1 Eignir ríkisins skili samfélagslegum ávinningi og nýtist með hagkvæmum hætti í starfsemi ríkisins</p> <p>5.2.3 Verðmæti fastafjármuna verði viðhaldið og aukið, arðsemi metin og vel haldið á opinberum framkvæmdum</p> <p>5.3.1 Nýting fjármuna ríkisins sé markviss, stuðli að árangir og aukinni hagsæld</p> <p>5.3.4 Skipulag ríkisins sé hagkvæmt og stjórnun markviss til að opinber starfsemi geti mætt áskorunum nýrra tíma</p> <p>5.3.5 Ríkið búi yfir framúrskarandi mannauði til að það geti uppfyllt hlutverk sitt í þágu almennings</p>

AÐGERÐIR

	Upphaf	Lok
<p>Stuðla að notkun BIM í framkvæmdaverkefnum á vegum ríkisins</p> <p>Stuðlað var að innleiðingu BIM með gerð BIM kröfufýsinga og leiðbeininga um notkun BIM í byggingaframkvæmdum fyrir ráðgjafa og verktaka. Reglulegir kynningarfundir haldnir og ráðstefnuerindi flutt til að auka skilning og upplýsa um innleiðingaráætlanir FSR.</p>	Frá 2010	–
<p>Vistvæn vottun í öllum meginverkefnum í umsjón FSR</p> <p>Öll stærri mannvirki FSR vottuð í breska umhverfsvottunarkerfinu BREEAM. Í minni verkefnum eru skilgreind umhverfisviðmið sem skal uppfylla.</p>	Frá 2010	–
<p>Skilgreina umhverfisviðmið í verkefnum í umsjón FSR sem eru ekki í umhverfsvottunarferli</p> <p>Hafin var vinna við mótun og frekari þróun viðmiða m.t.t. ólíkra þátta svo sem landfræðilegrar staðsetningar.</p>	Frá 2018	2020
<p>Verkátlanir fyrir öll verk, vörður verkefna, kostnaður, tími og mönnun á mismunandi stigum verka</p> <p>Hafin var vinna að verkinu.</p>	Frá 2018	2020
<p>Bæta upplýsingamiðlun til viðskiptavina með því að miðla niðurstöðum mælinga úr reglubundinni verkefnavöktun (sem tekur mið af verkátlanum verka)</p> <p>Unnið að eflingu ferlis verkefnavöktunar.</p>	Frá 2017	–
<p>Bættar framvinduskýrslur í framkvæmdaverkefnum</p> <p>Haldið var áfram að þróa framvinduskýrslur í framkvæmdaverkefnum.</p>	2017	2018

MÆLIKVARÐAR

Gögn lögð til grundvallar	Staða 2016	Staða 2017	Staða 2018	Viðmið 2019	Viðmið 2020
Fjöldi verkefna sem nýta BIM		80%	90% (9 verkefni)	95%	95%
Fjöldi verkefna með umhverfisstefnu, þ.m.t. vottun		80%	92% (11 verkefni)	95%	95%
Mæla ánægju viðskiptavina með árlegri netkönnun	4,029	3,67	3,65	3,8	3,9
Verkefniskynningar eða fréttir um verkefni á vef FSR	0	16	35	16	20
Hlutfall mánaðarlegra framvinduskýrslna í verkefnum í verklegri framkvæmd		60%	60%	90%	90%
Hlutfall verkátlananna í leiguverkefnum og í áætlunargerð		75%	80%	90%	90%

MARKMIÐ 1

Rekstrarþættir

Hallalaus rekstur FSR.

AÐGERÐIR

	Upphaf	Lok
Vönduð áætlunargerð (rekstraráætlun FSR)	Á hverju ári	–
Mánaðarleg eftirfylgni með rekstri	Mánaðarlegt	–
Greining á tekjum og útgjöldum	Mánaðarlegt	–

MÆLIKVARÐAR

	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2016	Staða 2017	Staða 2018	Viðmið 2019	Viðmið 2020
Mánaðarleg uppgjör rekstrarsviðs á fjárhagi stofnunarinnar. Endanleg mæling stöðu er á ársgrundvelli.	Bókhald FSR.	23,7 m.kr.	23 m.kr.	2 m.kr.	Afk > 0	Afk > 0
Mánaðarleg greining á innseldum og útseldum tímum. Endanleg mæling er á ársgrundvelli.	Verkbókhald FSR.	50%	49%	50%	52% – 55%	52% – 55%
Afskriftir krafna vegna útseldrar vinnu. Staða afskriftasjóðs í lok hvers árs. Endanleg mæling er á ársgrundvelli.	Árleg samantekt rekstrarsviðs við uppgjör stofnunar, byggt á bókhaldi FSR og verkbókhaldi.	14 m.kr.	Liggur fyrir við uppgjör árs	0 m.kr.	0 m.kr.	0 m.kr.

MARKMIÐ 2

Rekstrarþættir

Hafa hæft starfsfólk hjá FSR og stuðla að starfsánægju.

AÐGERÐIR

	Upphaf	Lok
Starfsmannasamtöl á hverju ári	Frá 2012	–
Launasamtöl á hverju ári	Frá 2013	–
Fræðsluáætlun fyrir hvern starfsmann	Frá 2012	–
Innleiðing jafnlaunastaðals	2018	2019

MÆLIKVARÐAR

	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2016	Staða 2017	Staða 2018	Viðmið 2019	Viðmið 2020
Fjöldi skráðra og bókaðra starfsmannasamtala þar sem farið er yfir frammistöðu, árangur og viðhorf starfsmanns til vinnu sinnar. Markmið stofnunar og starfsmanns eru rædd.	Talning í skorkorti FSR.	100%	100%	100%	100%	100%
Ánægjukönnun SFR	Ánægjukönnun SFR.	4,15	4,20	4,1	4,3	4,3
Hlutfall starfsmanna sem sótt hefur sér símenntun eða fræðslu á árinu	Talning í skorkorti FSR	90%	90%	90%	90%	90%

MARKMIÐ 3

Rekstrarþættir


Stöðugar umbætur með starfsfólki og gæðamarkmið í huga.

AÐGERÐIR

	Upphaf	Lok
Skilgreining lykilverkefna á árlegum stefnumótunarfundi FSR	Frá 2013	–
Skilgreining verkefna faghópa í upphafi hvers árs Með innleiðingu nýs skipurits 1. maí 2018 voru faghópar lagðir niður og voru umbótaverkefni sett á ábyrgð einstakra fagsviða.	Ár hvert	–
Innri úttektir og verkefnavöktun FSR	Q1 Q2 Q3 Q4	–
Innleiðing sýnilegrar stjórnunar (VMS töflur) með stjórnendatöflu og með verkefnatöflum. Aukin greiningu á stöðu verkefna og innri verkefna.	2016	2018

MÆLIKVARÐAR

	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2016	Staða 2017	Staða 2018	Viðmið 2019	Viðmið 2020
Lykilverkefni ársins útfærð á árinu.	Fundargerð stefnumótunarfundar.	3	3	4	4	4
Fjöldi athugasemda í ytri úttektum (ytri úttekt framkvæmd tvisvar á ári).	Úttektarskýrsla Vottunar hf.	5+8	5+4	6+5	6+6	6+6
Markmið um engin frávik í ytri úttektum.	Úttektarskýrsla Vottunar hf.	0+0	0+0	0+1	0+0	0+0



www.fsr.is

